"In the history of western culture and environmental design this has resulted in cities that are almost fortified against nature, and most western homes are characterized by a defensive position against the environment, a stance that is well expressed in the popular phrase: "My home is my castle." (p. 99)

"Architects and planners are trained to let things look good in photographs or in a model, but much too often there is a severe lack of responsibility towards their task of shaping societies and the lives of people. This is well expressed in a famous sentence, that describes the works of some of them as 'private jokes at public expense'". (p. 99)

"Most social research indicates that the alienation of the individual from his society and his environment is the primary reason for the severe social ills of today...". (p. 99)

"A method that has the goal of separating construction from the environment and putting individuals and activities in boxes, is bound to have a very negative social effect". (p. 99)

"If we now look at the binary pair of house and garden, we see that by building a house we are also polarizing, i.e., a tension; an energy situation, has been created between an enclosed and an open space". (p. 101)

“As with electrical and magnetic poles, the "electric" relationship between these pairs does not come into play unless the poles are close enough the pull of the separated polarities must come close to reunite to be effective, just as with the pull of north and south poles of magnets”. (p. 101)

“The law at work here is the universal law of entropy, which says that it is the basic nature of the world that natural wholes, that have been polarized and separated, have a strong urge to pull together again, thus creating an energy situation between the two poles”. (p. 101)

**Connecting Buildings and Their Environs** “In order to let the electrifying situation between enclosed and open space, as explained in the last section, materialize, a close connection between a building and its environs has to be established”. (p. 102)

“The utilization of the tension between two electrical poles is achieved by putting instruments between the poles that convert the tension, for example into light or heat. In the same way, we can look at the border between a house and a garden as a place for "instruments" to create unexpected special effects between the “inside” and “outside” poles. Just as with electrical instruments the effects vary widely depending on how the interface is designed. A glassed-in terrace, for example, adds warmth and emits the sun's rays into the design scheme, whereas a roofed veranda creates a shadow and opens the space to a cooling breeze - the right thing for warm climates”. (p. 102)

“The utilization of the tension between two electrical poles is achieved by putting instruments between the poles that convert the tension, for example into light or heat. In the same way, we can look at the border between a house and a garden as a place for "instruments" to create unexpected special effects between the “inside” and “outside” poles. Just as with electrical instruments the effects vary widely depending on how the interface is designed. A glassed-in terrace, for example, adds warmth and emits the sun's rays into the design scheme, whereas a roofed veranda creates a shadow and opens the space to a cooling breeze - the right thing for warm climates”. (p. 102)

The house has become a centre for living rather than being only a box for storage where the people can neither get out nor are given the opportunity to do something useful while they also get exercise”. (p. 102)

“To be active is of key importance because by being active a person becomes fulfilled, and acquires dignity by increasingly taking the responsibility for more aspects of one's own life: health, food supply, recycling, education of children, maintenance of property, and activities that unite the family. It may sound surprising...”. (p. 102)

“Let us now finally look at how emotional links to nature can be implemented inside cities. Here it is useful to look to the Orient because there people have had to create connections with nature even though limited to a small space within highly urbanized areas. - The atrium garden is here the core feature”. (p. 103)

“It is interesting that psychology today explains these gardens as the need of the urban dweller for a link to nature because man formed and developed through thousands of years of cohabiting with nature... The knowledge of the psychological importance of such natural symbols has led to the planning of such miniature gardens for space stations”. (p. 104)

## **Tilvitnanir og skilgreiningar TV úr eftirfarandi bókum hans:**

**UM STARF TV** (Úr “Mótun framtíðar” (2015) bls. 44 fyrir neðan)

**UM SKIPULAG** (Úr “*Skipulag byggðar á Íslandi*” (2002) bls. 57 fyrir neðan)

**UM HNATTRÆNA HLÝNUN** (Úr “*How the World will Change*” (2006) bls. 22 fyrir ofan)

**UM HÖNNUNAR-KENNINGU TV** (Úr “*Borg og náttúra*” (2000) bls. 63 fyrir neðan)

*(Hliðstæðar tilvitnanir úr enskum útgáfum þessara bóka, eru í fyrir hluta þessa skjals)*

## **UM LÍF OG STARF TV** Úr “Mótun framtíðar” (2015)

**Ævisaga skipulagsfræðings – Hvers vegna?** “Líkt og stjórnmálamennirnir fóru Corbú og Grópius víða hressilega út af sporinu og leiddu ýmsar hugmyndir þeirra um skipulag til mikilla hörmunga. Á þetta einkum við um hugmyndir sem teljast til módernisma í borgarskipulagi...” Bls. 7

“Með Guðmundi (Hannessyni) voru í nefndinni Geir Zoëga vegamálastjóri og Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins. Hinu stórmerkilega starfi þessara manna eigum við það að þakka að til urðu hinir fallegu, gömlu miðbærir í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði og víðar.” Bls. 8

“Ákvað ég því snemma í starfi mínu að skipulagi, að reyna að efla langtímasýn og að vinna að sköpun yfirlita yfir stórar heildir, til að vinna á móti vöntuninni á skipulagshæfileikanum og skipulagsviljanum meðal þjóðarinnar.” Bls. 10

“Kynni mín af því hve uppreisn þessarar stuðandi listastefnu (dadaisma) var mikilvæg, urðu til þess að ég ákvað snemma að setja fram stórar og ögrandi hugmyndir í skipulagi til að reyna að losa um hið kotungslega í íslensku þjóðfélagi. Eitt dæmi um slíka hugmynd er tillaga mín frá 1975 um að gera Íslandsskipulag til langrar framtíðar, sem skyldi einkennast af hálendisvegum og nýrri höfuðborg á miðju landsins.” Bls. 10

“Fólki kann að vera það ókunnugt að gott skipulagskonsept verður að vera innblásið – ekki bara af hugsjón – heldur líka af sýn og ljóðrænu. Í stuttu máli sagt: Sá sem ætlar að búa til sterkt og fallett skipulagskonsept, verður að ná þeim gildum í sköpun sinni sem einkenna gott ljóð...” Bls. 13

“Þegar ég síðan, árið 1980, er kominn í dr.nám til Berkeley í Kaliforníu, Mekku umhverfisskipulags, geri ég hugsjónina um að laga byggð og framkvæmdir að umhverfinu – sem ég var reyndar byrjaður á í Íslandsskipulaginu – að aðalatriði í námi mínu, og fjallaði dr.ritgerð mín m.a. um það.” Bls. 13

**Berlínarár - Val á fagi til náms og á föðurlandi nr. 2** “... og ég vil stunda nám í landi þar sem allt er í fremstu röð er varðar vísindi og tækni. Útkoman úr þessari formúlu varð Vestur-Berlín. Það hafði reyndar líka áhrif að mér hafði alltaf líkað vel við þjóðverja, þýsku og þýska menningu.” Bls. 25

**Stúdíó um barnaheimili** “En nú voru runnir upp nýir tímar og ný vinnubrögð í arkitektúr, sem mér virtist að bæði stúdentarnir og hinir vinstriáttuð kennarar okkar væru nokkuð sammála um. Nú

skyldi byrja vinnuna á að skoða fyrirbærið barnaheimili pólitískt. Voru kallaðir til ýmsir marxískir sérfræðingar í pólitík og uppeldismálum.” Bls. 32

**Borgir: Náma þekkingar** “Frægasta dæmið um módernisma í Berlín er Unité d’habitation eftir Le Corbusier. Mér er sérstaklega í minni „pílagrímsferð“ sem kennararnir fóru með okkur í til að dást að þessari „merkilegu“ byggingu. Ég var mjög spenntur því ég hafði alist upp í aðdáun á Corbú, eins og á módernistunum almennt. Er við stóðum fyrir framan bygginguna leið sem stuna aðdáunar frá hópnum. Í mér var hinsvegar einhver undarlegur hrollur og þarna varð til hjá mér innri efasemdarödd um gæði móderníks arkitektúrs.” Bls. 35

“Efasemdir mínar um módernismann gerðu mig opnari fyrir fegurð gamals og þjóðlegs arkitektúrs. Tilraunir til að skapa þjóðlegan arkitektúr höfðu hinsvegar fengið á sig vafasamt orð vegna nasismans.” Bls. 35

“Grópiúsúthverfið er hannað í anda Grópiúsar, skólastjóra Bauhaus á 3. áratug síðustu aldar, en þar var móderníska ófreskjan í arkitektúr búin til að verulegu leyti... og er ekki mjög skrýtið að hún eigi þýskar rætur eins og nasisminn.” Bls. 36

“Það er merkilegt að það skyldi vera arkitektúrin sem velti nokkru af oki módernismans af þjóðum heimsins. Upphafsmáðurinn að því var Róbert Venturi arkitekt, með bók sinni „Learning from Las Vegas“ (1972).” Bls. 36

“Aðra vísbendingu um að ekki væri allt í lagi með módernismann, fékk ég í ferðum mínum til Austur-Berlínar. Þar blasti módernisminn við í sinni verstu mynd, í nýju háhýsaúthverfunum. Breiðholt III (Hóla- og Fellahverfi) er íslensk útgáfa af þessu, enda var aðalhöfundur þess, Geirharður Þorsteinsson, mikill sósíalisti og spýtukall.” Bls. 37

**Listnám, og að ná kjarna með einföldun** “...Wilhelm Worringer, sem hafði skrifað bók 1907 um hvað þarna er á ferðinni Abstraktion und Einfuehlung (Einföldun og innlifun). Útskýrir hann að ef vel gengur með einföldunina, verður myndin öflugri í innlifun og formi. Worringer bjó til orð yfir þann liststíl sem hagnýtir sér þetta; „expressionismi“,...” Bls. 39

“Einföldun forms, sem skilaði mér mestum árangri síðar, var þegar ég uppgötvaði að Ísland er í raun hringur... að vísu dálítið sporöskjulagaður. Skömmu síðar sá ég að byggð á Íslandi er, einfaldað sagt; kragi við útjaðar hringsins. Eftir þessum byggðakraga miðjum liggur hringvegurinn, sem varð að hringlaga, línulegri miðju landsins eftir að vegurinn hafði verið tengdur saman með brúm á Skeiðarársandi 1974...” Bls. 42 “...En punktmíðja, í miðju lands okkar, er ekki til. Að lesa í nýju stærðfræðinni um tópológíu (stöðfræði) – sem fjallar um þá grunneiginleika forma, sem haldast óbreyttir þó stöðu og lögun formsins sé breytt – hjálpaði mér að skilja þetta betur.” Bls. 42

**Endurmótun heimsins eftir seinna stríð** “Ekki veit ég hvað ég skildi vandamál borgar og samfélags djúpum skilningi, en við hipparnir skildum þau þó líklega heldur betur en yfirvöldin og prófessorarnir. Skipulag borga eftir stríð var skelfilegt fyrirbæri. Nú var t.d. farið, í Berlín, að reisa óhugnanleg háhýsaúthverfi, sem voru nánast hrein svefnhverfi; geymslustaðir, þar sem lítið var annað hægt að gera en að sofa...” Bls. 43

“Í USA var það ósk um meira frelsi frá lífi í föstum skorðum... er varðar starf og fjölskyldu, sem helst leiddi til „byltingarinnar“. Ungar konur voru hér mikið afl, því á þessum tíma voru Kanar komnir með einbýlishúsaúthverfi með konum og börnum líkt og í gettóí.” Bls. 43

“Á þessum sama tíma var neysluhyggjan í Ameríku farin út fyrir öll mörk og var orðin hættuleg lífi og umhverfi. Lyfjum var dælt í búpening til að knýja fram meiri afurðir, og eitri út í umhverfið til að halda illgresi og meindýrum niðri. Lyfin og eitrið lentu síðan inni í fæðukeðjum, sem leiddi bæði til heilsutjóns og bæklana.” Bls. 43

Nýja stærðfræðin: Nýr skilningur á skipulagi Bls. 45 “Til að komast niður á hið þrívera plan tölvunnar, þurfti að þróa mikla tækni í greiningu og aðgerðarannsóknum. Eftir að þessari tækni hefur verið náð er mögulegt að forrita hverskonar vandamál og viðfangsefni, og láta síðan tölvu vinna úr þeim á ógnarhraða. Með þessu fengust lausnir sem annars hefðu aldrei litið dagsins ljós. Tölvurnar hjálpuðu einnig til við stýringu...” Bls. 45

“Alger frumkvöðull í að hagnýta sér þetta í arkitektúr og skipulagi var Bretinn Christopher Alexander. Alexander byrjaði námsferil sinn með að ljúka BS og MS gráðu í stærðfræði í Cambridge en fór svo til Harvard þar sem hann lauk dr. prófi í arkitektúr. Dr. ritgerð hans heitir Notes on the Synthesis of Form (Minnisgreinar um framleiðslu forma). Hún kom út 1964, og hefur síðan verið grunnrit í hönnunarfræðum...” Bls. 45

**Verðlaun í samkeppni – og lokaritgerð** “Rakst ég þá á auglýsingu þar sem Berlínarborg auglýsti samkeppni um að breyta Wilmarsdorferstræti í fyrstu göngugötuna í Berlín. Þar sem ég hafði búið í næstu götu í þrjú ár...” Bls. 50

“... unnu þau stórir vinnuhópar, þar sem voru m.a. kennarar við skólann. En ég fékk sem sagt einn – útlenskur stúdent – ein af þremur 3ju verðlaunum; 8000 mörk. Þessa mikla árangurs míns var getið í Berliner Morgenpost og í blöðum heima. Setti þessi árangur fítonsanda í mig um veturinn við undirbúning lokaritgerðarinnar, því „vex hugur þá vel gengur“.” Bls. 51 “Í grúski hafði ég kynnst gamalli rannsóknaraðferð „morfó-lógíu“ (mynd-fræði) sem t.d. Linné notaði til að búa til myndrænt yfirlit yfir plönturíkið. Ágæt bók eftir efnafræðinginn Fritz Zwicky sýndi hvernig hægt væri að búa til yfirlit um flest lausnamengi með hjálp morfólógískra aðferða og velja síðan úr þeim... Nýja stærðfræðin hjálpaði til við að útbúa svona lausnarmengi og að þróa aðferðir til að láta tölvur vinna úr þeim.” Bls. 51

“Í lokaritgerðinni bjó ég til yfirlitstöflu um lausnarmengi í umhverfismótun. Fyrst bjó ég til heildaryfirlit og síðan skemu fyrir ýmis undirsvið. Með þessu fengust „sviðspekjandi yfirlit“, sem t.d. nýttust sem tékklistar þar sem ég fann óvenjulegar túlkanir og óvæntar lausnir...”

Bls. 51 “Dæmi um þetta er tafla byggð á ítrustu óskum – maximum – í því að byggja hagkvæmt. Maximumarnar eru: 1) Að nota efni af staðnum sem byggingarefni, 2) að sem minnst þurfi að ummóta efnið og 3) að bæði að taka efnið og láta það frá sér, hafi tilgang, sem leiðir til tvöfaldrar hagkvæmni. Núna, rúmum 40 árum seinna, er þetta orðið að grunnprinsípum í sjálfbærri hönnun.” Bls. 51

**Hipparnir flytjast heim og kveðja sér hljóðs** “...um flesta aðra af hippakynslóðinni, því við vorum sannfærð um að við værum með réttu sjónarmiðin og réttu lausnirnar. Að minnsta kosti voru viðhorfin í mörgu gerólík viðhorfum eldri kynslóðarinnar og tókum við „hipparnir“ nú að afla þeim brautargengis.” Bls. 57

“Hin nýja sýn til arkitektúrs og gamallar byggðar kristallaðist einna best í byggingarmálum Bakarabrekkunnar. Þar hafði ríkið áætlað að láta rífa Bernhöftstorfuna og byggja sex hæða stjórnarráðsskrámsli úr steypu og gleri.” Bls. 57

**Ný byggðarsvæði norðaustan Grafarvogs** “Það sorglega er þó að dönsku ráðgjafarnir voru ekki farnir að átta sig á göllum hugmyndafræði módernísku skipulags, eins og það var víðast framkvæmt á eftirstríðsárunum. Hin móderníska skipulagsstefna einkenndist víða af háhýsaúthverfum þar sem oft urðu til gettó fyrir hina tekjulægri, og svo af aðgreiningu íbúðar- og atvinnuhverfa sem kallaði á miklar hraðbrautir til að flytja fólk á milli. Þessari hugmyndafræði fylgdi líka mikið ónæmi fyrir gildi gamallar byggðar, sem leiddi til niðurrifs og lagninu stórra akbrauta í miðbæjum.” Bls. 60

**Opin svæði fyrir athafnir og fegrun** “Þriðja atriðið, sem lengi hafði setið eftir, var frágangur opnu svæðanna og sköpun aðstöðu til útivistar og íþróttar. Þegar Birgir Ísleifur Gunnarsson varð borgarstjóri í desember 10 1972, mánuði eftir að Þróunarstofnun tók til starfa, ákvað hann að stórátak í þessum málum yrði aðaláhersla hans í embætti. Vorum við á Þróunarstofnun og garðyrkjustjóri látin hefja verkið með gerð ástandsútekta. Leiddi þessi vinna til áætlunarinnar Umhverfi og útivist „Grænu byltingarinnar“, sem varð aðalkosningamálið vorið 1974.” Bls. 63

“Vorið 1974 buðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu út samkeppni um leiksvæði og leiktæki. Í tillögu minni í samkeppninni notaði ég ofangreinda hugmyndafræði, t.d. með að hanna ýmsar tegundir af landformum; hólum, flötum, skorningum og veggjum. Auk þess sá ég til þess að frumþættir náttúrunnar, eins og kyrrt og rennandi vatn og margar tegundir af jarðefnum og timbri væru á leiksvæðinu til að krakkarnir gætu skapað athafnir sínar sjálf og búið til leiki, hús, stíflur eftir eigin höfði en væru ekki bundnir við þröngar athafnir í stöðluðum leiktækjum. Í samkeppninni fékk ég 1. verðlaun fyrir leiksvæði og 3ju fyrir leiktæki.” Bls. 64

**Spillt strönd – Hafnir og bátahafnir** “Nokkru áður en við á Þróunarstofnun hófum vinnu að nýju skipulagi, var ástand skólpmála við strendur borgarinnar orðið skelfilegt.” Bls. 66

“Þessi skelfilega saga norðurstrandar og tengslaleysi borgarinnar við það náttúrudjásn sem ströndin var – og gæti orðið aftur, með markvissum aðgerðum – varð hvatinn að þema dr.ritgerðar minnar í Berkeley um myndun tengsla, t.d. milli borgar, stranda og hafsvæða. Heitir hún „A Theory of Integration...“ (1987). Norðurströndin er rannsóknartilfelli ritgerðarinnar (case-study) og ströndinni skipt í sjö rannsóknarsvæði.” Bls. 67

“Breyting okkar (Þróunarstofnunar) á þessu norðurstrandarsvæði úr iðnaði í íbúðarbyggð var fyrsta skrefið í erfiðri áratuga þróun. Næst breyttum við svæðinu við Skúlagötu á líkan máta úr iðnaðar í íbúðarbyggð, þá Borgartúni og loks Kirkjusandi. Danska skipulagið var þegar búið að breyta Laugarnesinu úr iðnaðarsvæði í grænt svæði en handan þess stöðvaðist þessi þróun...” Bls. 67

**Höfuðborgarsvæðið og flugvöllur á Lönguskerjum** “Eins og fyrr var frá sagt, var svæðisskipulagstillagan frá 1972 mjög slæm því hún var unnin samkvæmt sömu gölluðu hugmyndafræði og Danska skipulagið 1965, enda voru ráðgjafarnir þeir sömu. Því var í raun gott að ekkert sveitarfélaganna vildi staðfesta tillöguna 1973.” Bls. 69 “Fyrstu greinina birti ég í Lesbók Mbl í ágúst 1973. Hér koma brot úr greininni til að reifa stærstu viðfangsefnin: „Höfuðvandamál umferðarinnar stafa... einkum af tangaformi borgarinnar...” og kynnti síðan hugmynd um að tengja „tangana“ Álftanes og Seltjarnarnes saman: „Vil ég þar fyrst koma fram með tillögu um

umferðarbraut á brú og uppfyllingu frá Álftanesi yfir til Vesturbæjarins í Reykjavík... en með þessari leið komumst við aftur fyrir aðalumferðartappana á Hafnarfjarðarveginum og í Reykjavík“ (bls. 10). Síðan held ég áfram: „Annað meginatriði er... að beina gegnumumferðinni... á vegi fyrir ofan b “Á skipulagsuppdráttum eru hávaðasvæði flugbrauta ílöng, mjókkandi til endans, og best er ef engin byggð er innan þeirra. Allt í einu sá ég að Skerjafjörðurinn er eins og hávaðasvæði flugbrautar í laginu: Bingó! Þarna smullu öll fimm þrepin saman; 1) Ódýr uppfylling vegna grunnsævis 2) nauðsynlegur vegur yrði ódýr 3) aðflug úr þremur áttum yrði yfir sjó, 4) meiri hluti hávaðasvæðanna yrði einnig yfir sjó og 5) uppfyllingin yrði ódýr vegna ódýrra frákastefna. Sem sagt: Þetta var rétti staðurinn fyrir flugvöll! Þessi uppgötvun kom svo skyndilega að ég fékk eins og högg fyrir bringsmalirnar og náði varla andanum.” Bls. 71

“... Gæti það hugsast að hálendisvegakerfið mundi gera það mögulegt að reisa þjónustumiðstöð á miðju landsins, sem jafnvel gæti orðið hin eina rétta staðsetning fyrir höfuðborg landsins í fyllingu tímans? Þetta yrði þá sambærilegt við það þegar ákveðið var að reisa nýjar höfuðborgir á hásléttum í miðjum Spánu, Mexíkó og Brasilíu. Þegar ég birti hugmyndir mínar um hálendisvegakerfi 1977, lét ég slag standa að spá að borg – jafnvel höfuðborg – mundi rísa á miðjum Sprengisandi vegna miðlægnilögmálsins og krossgatnanna, e.t.v. strax eftir 100 ár. Vakti þetta feikna athygli í þjóðfélaginu.” Bls. 76

**Aðdragandinn að ritun skipulagssögu Reykjavíkur** “Undirbúningur nýs og endurskoðaðs aðalskipulags fyrir borg, er að hluta einskonar sagnfræðivinna. Fyrsta, og augljósasta skrefið í þessari sagnfræðivinnu, er að kynna sér vel gildandi skipulag... Ég fór fljótlega að skoða sögu skipulagsins lengra aftur í tímann, til að skilja 13 betur hinn sagnfræðilega bakgrunn skipulagsins frá 1965.” Bls. 77

“... Í síðasta dálkinum í töflunni: „Vangaveltur um framtíðina 1986“ (í bókinni Vaxtarbroddur) – sem svarar til síðasta kaflans í bókinni – nota ég mér þær þróunartilhneigingar („trends“) sem ég uppgvötvaði með hjálp töflunnar. Þetta gerði mér mögulegt að búa til spá um það sem mundi einkenna framtíðina. Sem dæmi um spádóma mína má nefna: „Hús gefi breytimöguleika, fráhrvarf frá háreistum íbúðarhúsum,“ og „Rafbílar, hjóla-, göngustígakerfi, minni umferð, samskiptabylting“ og „allt í stórmörkuðum, búðir til gamans í eldri hverfum“...” Bls. 79

**Hvar ég var staddur árið 1977... og hvert var drifaflið?** “... að fara varlega fram gagnvart náttúrunni og að reyna að laga athafnir og gerðir að aðstæðum, bæði er varðar samfélag og umhverfi. Ian McHarg gerðist þarna lykilfræðimaður fyrir hönnunarsviðið, með bók sinni Design with Nature (1969). Það sem mér þótti sérstaklega áhugavert, er að hann setti kenningar sínar í samhengi við hvernig hugmyndafræðin um samskipti manns og náttúru var að þróast í heiminum.” P. 81

“Annar lykilhugmyndafræðingur í þessum anda var Buckminster Fuller sem hannaði skála USA – grindarkúlu – fyrir heimssýninguna í Montreal 1967... ég kynntist honum og kenningum hans vel, t.d. um það að forsenda umhverfisvæns arkitektúrs sé það að byggja með sem minnstri efnisnotkun og minnstum tilkostnaði.” Bls. 82

“Ég var svo sem búinn að átta mig á, að í mér leyndist uppreisnarseggur sem hafði sérstaka unun af að ráðast á viðteknar hugmyndir. Einnig var ég búinn að sjá að ég var nokkur hugsjónamaður, og tilbúinn að fórna mér fyrir grunngildi og verkefni sem ég taldi brýn...” Bls. 82

**Heimsmýnd hörku – Ég kynnist heimsmýnd mýktar**



“Það merkilega í þessu privatstríði, sem ég hafði nú hafið á Íslandi, var að aðeins hluti af mér er stríðsmaður, en hinn hlutinn maður sátta... en yfirgnæfandi persónueinkenni mitt er þó, alveg frá bernsku, að vera á móti viðteknum reglum og vilja ráðast á þær. Heitið á þessari manngerð á erlendum tungumálum, er „iconoclast“ (helgimyndabrjótur).” Bls. 83

“... Tók ég nú að leita í rit um mjúkan lífsstíl, en slík rit höfðu að vísu verið hluti af bókaheimi hippa. Ég hafði reyndar líka tekið eftir að það gæti stundum gefið betri árangur að fara varlega og kurteislega að fólki, og að fólk hefði tilhneingingu til að stoppa fugla eins og mig af, sem voru alltaf að reyna að upphefja sjálfa sig. Varð mér oft hugsað til setningar úr Biblíunni sem segir: „Sá sem upphefur sjálfan sig mun niðurlægður verða“.” Bls. 84

“Þegar ég kom til Kaliforníu og Berkeley í dr.nám, sá ég að þar ríkti miklu meiri mýkt en í Evrópu og að bækur á borð við Bókina um veginn voru þar í hávegum hafðar. Fór svo að það varð aðalverkefni dr.ritgerðar minnar að útskýra vandkvæðin sem stöfuðu af hinni vestrænu, hörðu, heimsmynd, og sýna hvernig hægt væri að nota hina austrænu og mjúku heimsmynd til að finna leiðir til aðlögunar og samfléttunar í hönnun og 15 skipulagi.” Bls. 85

**Hugmyndafræði og verðmætamat** “...ég skrifaði í Lesbók Mbl. í febrúar 1977: „Umhverfisverndun og þróun verðmætamats“, komi fram að ég vildi ganga lengra í verndunarátt en þótti rétt hjá þeim sem réðu hjá borginni. Um það hve umhverfis- og verndunarmálin áttu erfitt uppdráttar, segi ég t.d.: „Aðalástæðan fyrir litlu gengi umhverfisverndarsjónarmiða hér á landi, er hégómlegt sögumat, sem kemur t.d. fram í sífelldu tali um ‚merka menn‘ og ‚merkar stofnanir‘. Húsum og öðrum minjum um starf og baráttu frá örbirgð til borgarmenningar er lítill sómi sýndur“... „Sýningarsalir Þjóðminjasafnsins eru talandi tákni um þessa söguskoðun“.” Bls. 86

“Venjulega er þétting byggðar málefni hægri flokka en græn mál málefni vinstri flokka, en í Reykjavík hafði þetta snúist við vegna pólitísku hráskinnaleiks...” Bls. 86

**Vinna við Íslandsskipulag – Tímamót** “... Fórst ég því strax vorið 1978, að reyna að afla fjár í annað stórt áhugamál mitt; gerð Íslandsskipulags. Sótti ég um hinn stóra umhverfisstyrk CCMS í Brussel, og fékk hann, sem var mikil gæfa. Nam styrkurinn 8000 dollurum og dugði fyrir árs vinnu. Sá þáttur verkefnisins sem ég sótti um styrk til heitir „Könnun á helstu byggðaforsendum á Íslandi“. Verkefnið fólst í gerð glærukorta samkvæmt aðferð McHargs, þar sem með samlagningu glæranna kom sjónrænt fram hvar jákvæðustu og neikvæðustu þættir byggðaforsendanna þjappast helst saman á landinu.” Bls. 88

**Fyrsta ferð til Bandaríkjanna og til Berkeley** “...Ég átti, sem betur fer, viðtal eftir hádegið, við annan jöfur hönnunarfræða á 20. öld; Buckminster Fuller. Hann rak þarna stofnun um langtímahugsun í hönnun og um framtíð jarðarinnar. Ég hafði kynnst Fuller vel á Íslandi sem vinur Einars Þorsteins. Tók ég nú að lýsa fyrir Fuller samskiptum mínum við McHarg um morguninn, og var mikið niðri fyrir. Vonaði ég að Fuller segði að hitt eða þetta væri ágætt hjá mér. Eftir lýsinguna mína sat Fuller þögull dágóða stund og horfði á mig. Sagði svo loks aðeins þessi tvö orð: „Be strong!“ Þetta er besta ráðgjöf sem ég hef nokkru sinni fengið! Bls. 92

“Í upphafi verkefnis míns gerði ég lista yfir þau 33 kort sem ég taldi að helst þyrfti að gera um jákvæðar byggðarforsendur, en lagði áherslu á að ljúka þeim tíu mikilvægustu. Í lista mínum um neikvæð atriði taldi ég upp ellefu þætti sem þyrfti að kortleggja, en safnaði gögnum fyrir sjö mikilvægustu kortin og teiknaði þau síðan.” Bls. 91

“...Ég átti, sem betur fer, viðtal eftir hádegisdag, við annan jöfur hönnunarfræða á 20. öld; Buckminster Fuller. Hann rak þarna stofnun um langtímahugsun í hönnun og um framtíð jarðarinnar. Ég hafði kynnst Fuller vel á Íslandi sem vinur Einars Þorsteins. Tók ég nú að lýsa fyrir Fuller samskiptum mínum við McHarg um morguninn, og var mikið niðri fyrir. Vonaði ég að Fuller segði að hitt eða þetta væri ágætt hjá mér. Eftir lýsinguna mína sat Fuller þögull dágóða stund og horfði á mig. Sagði svo loks aðeins þessi tvö orð: „Be strong!“ Þetta er besta ráðgjöf sem ég hef nokkru sinni fengið! Bls. 92

“Dickert (próf. í Berkeley) sagði mér nú, að nýlega væri búið að setja á stofn braut í Umhverfisskipulagi (Environmental Planning) við Landslagsarkitektúrdeildina. Þetta væri akkúrat rétti staðurinn fyrir mig. Ég sagði þá að ég væri ekki svo mikið að hugsa um námsgráðu, ég væri þegar kominn með fimm ára diplóm frá Berlín, en væri meira að leita eftir ráðgjöf. Ég var nú smám saman farinn að átta mig á að Dickert hefði verulegan áhuga á að fá mig til Berkeley. Datt mér allt í einu í hug að segja: „Ef ég kæmi til Berkeley, væri það aðeins til að fara í dr.nám“...” Bls. 93

“Annar mikilvirkur prófessor í arkitektúr í Berkeley varð forystumaður á sviði vistvænna bygginga. Þetta var Sim Van der Ryn. Jerry Brown ríkisstjóri gerði hann að húsameistara Kaliforníu á seinni hluta 8. áratugarins. Undir þeirra forystu setti Kalifornía t.d. lög um orkunýtni, orkustaðla og aðgengi fatlaðra. Jafnframt teiknaði Ryn nokkrar vistvænar byggingar fyrir stjórn Kaliforníuríkis í Sacramentó, sem voru með þeim fyrstu af þessu tagi í heiminum...” Bls. 97

“Þessum þverfræðilega hatti „umhverfisvænt skipulag“, var komið fyrir sem námsleið í landslagsarkitektúr. Var það góð ráðstöfun því kennsla í landslagsarkitektúr þarfnast þekkingar á náttúruvísindafögum eins og vatnafræði, vistfræði og jarðfræði, og voru því í þessari deild sérfræðingar í þessum greinum. Allar þessar greinar komu við sögu í vinnu minni að Íslandsskipulaginu. Ég var því mjög vel staðsettur þarna og tók kúrsa í ofan nefndum greinum, auk kúrsanna í skipulagi.” Bls. 99

“Vegna vaxandi áhuga míns á að reyna að skilja rætur meinsemda hinnar hörðu vestrænu heimsmyndar tók ég þrjú námskeið í heimspeki hjá Paul Feyerabend, sem þekktur var að því að vera krítískur á hina vélrænu heimsmynd, sem búin var til í vestrænum vísindum fyrir um 300 árum...” Bls. 99

**Vandi nútímans... og fyrstu drög að lausnum** “...1) Sérhæfinguna. – Sérhæfing í samfélagi og hönnun leiðir til þess að heildir brotna upp og tengsl rofna... 2) Er Hið vélræna, sem í hönnun kemur fram sem t.d. beinar vélrænar línur og kassalöguð form... 3) Formræn óreiða, einkennist af því að það vantar samtengjandi reglur í hönnun, sem og í heimsmyndinni almennt... 4) Vöntun á táknrænu innihaldi... 5) Gróf skemu. Dæmi um gróft skema er t.d. skipulag sem skiptir þáttum borgarlífsins í einöngruð hólf... 6) Hin harða heimsmynd. Í arkitektúr kemur hin harða heimsmynd t.d. fram í því að láta fúnksjónir ráða hönnuninni, sem gerir hönnunina kalda...” Bls. 101

“Hinn fræðilegi hluti dr.ritgerðarinnar lýsti hvernig þessi vandamál nútímasamfélaga og hönnunar eiga djúpar rætur í hinni hörðu vestrænu heimsmynd. Tókst mér – eftir mikið grúsk – að móta mjúka, heildstæða hönnunarteoríu með að stúdera prinsíp í gömlum austrænum heimsmyndum...” Bls. 102

**Áhrif hugmynda Christophers Alexanders** “Það að láta form vera í forgrunni, er aðaleinkenni kenninga Alexanders. Með að kafa ofan í hugsunina um að láta form ráða svona miklu, uppgötvaði ég veikleikann í kenningum Alexanders og fór að leggja minna upp úr þeim.” Bls. 105

**Hvernig formeiginleikar heimsmynda hafa áhrif** “Það að ég taldi ekki rétt að láta annaðhvort form eða fúnksjón vera ráðandi við hönnun, heldur samfléttun þessa tvenns... Þýddi ekki að ég teldi að form gæti ekki haft mjög afgerandi áhrif í hönnun og hugmyndafræði...” Bls. 106

**Námskeið í heimspeki... og mótun ritgerðar** “Mér fannst nú að ef lausn á vandamálum nútímahönnunar fælist í að draga úr áhrifum vestrænu heimsmyndarinnar... og setja í staðinn nýjar grunnreglur um hönnun, í austrænum anda, hlyti að mega telja það grunn að „stökkbreytingu í hugmyndakerfum“ er varðar hönnun og skipulag...” Bls. 110

“Ég tók nú að semja lýsingu á þriðju ritgerðarhugmynd minni. Byrjaði hún á lýsingu á vandræðum nútímahönnunar og hvernig þau eiga rætur í göllum í vestrænu heimsmyndinni. Jafnframt lýsti ég því nokkuð hvernig ég taldi að vissir þættir úr austrænum hugmyndafræðum gætu orðið góður grunnur fyrir nýja hugmyndafræði í hönnun.” Bls. 110

**Stúdentalíf, heimsóknir og Asíuferð** “Fyrir peninga úr þeim sjóði fór ég í ferð í kringum hnöttinn 1985. Tilgangur ferðarinnar var að kynna hvernig hin austurlensku fræði birtust í hönnun og skipulagi í Japan, Filippseyjum, Tælandi, Indlandi, Hong Kong og Kína, sem þá var að opnast. Þá var enn allt mjög grátt og forneskjulegt í Kína, en nútíminn þó að hefja innreið sína.” Bls. 114

“Eftir 1 1/2 tíma sá ég að hann væri ekki sérstaklega mikið að flýta sér (eins og er svo oft í vestrinu), heldur sat í lótustillingu uppi á sófanum. Nú segir hann: „Má ekki bjóða þér te?“. „Jú takk“... og inn siglir japönsk fegurðardís með tebakka og kökur. Fór ég nú að reyna að slaka á og við ræddum málin áfram. Eftir annan 1 1/2 tíma sagði þessi japanski snillingur aftur; „Má ekki bjóða þér te?“... „Jú takk“...” Bls. 115

**Einkenni vestrænna og austrænna heimsmynda** “Þetta, sem ég hef nú lýst, er mjög stutt endursögn fyrsta hluta dr.ritgerðar minnar. Þessi fílósofiskafi hafði þann tilgang að grafast fyrir um hinar dýpri rætur vandamála nútíma hönnunar; fíringu, tengslaleysi og lítils árangurs í sköpun heilda. Næsti hluti ritgerðarinnar fór í að lýsa heildrænum fræðum, bæði eins og þau birtast t.d. 20 í nútímaeðlisfræði og í austurlenskri speki... og þá helst fræðum er tengjast T'ai Ch'i. Eitt af lykilhugtökum í þessum fræðum er „gagnstyrkni“ (complementarity)...” Bls. 117

“T'ai Ch'i merkið er sett saman úr þremur einingum; I. hring, II. s-línu og III. svörtum og hvítum helmingum. Í austrænni speki stendur hringurinn fyrir heild og s-línan fyrir dýnamíska sveiflu milli pólaríseraðra para innan heildarinnar... og hinir tveir partar merkisins, svartur og hvítur, tákna að hér sé um hin pólarísku pör yin og yang að ræða.” Bls. 118

**Form notuð til að efla samtengingar í hönnun** “Ég mun nú útskýra hvernig mér tókst að búa til heildstæða formfræði úr hinum fjórum gildum T'ai Ch'i merkisins, en þetta er meginframlag

dr.ritgerðar minnar... heimspekilega hugtakið er I. Heild, sem kemur fram sem Hringur í T'ai Ch'i merkinu... mun ég útskýra hinar fimm reglur sem styrkja samtengingaráhrif Hringsins... " Bls. 119

"Fyrst um reglu 1): Reglan er hvatning til að styrkja jaðar hringsins, sem líkt og umfaðmar... Næsta regla 2) felst í því að miðjan er hönnuð sem brennidepill... 3), er að búa til marga hringbauga innan hringsins... Næsta formprinsípið 4) er að svæðinu halli inn að miðju hringsins... 5), er þegar línur liggja frá jaðri að miðju..." Bls. 119

**Leita fyrir mér á ýmsum sviðum** ... Tólf árum eftir að ég kom heim frá Berkeley hafði ég melt kenningar mínar í nógu lengi til að geta skrifað aðgengilega bók um þær: Borg og náttúra... ekki andstæður heldur samverkandi eining (1999). Árið eftir gaf ég síðan bókina út á ensku og fékk hún mjög góða dóma í virtum tímaritum..." Bls. 125

**Mótun fagbókasafns – Byggðastefna og hálandisvegir** "Eins og fyrr sagði hafði ég vonað að í stað gagnstyrkni teoríunnar sem ég vann að í Berkeley tækist mér að gera vinnu að Íslandsskipulagi að meginverkefni mínu á Íslandi. 21 Til undirbúnings gaf ég út Hugmynd að fyrsta heildarskipulagi Íslands í janúar 1987." Bls. 127

"Einnig benti ég á að við byggjum við úrelt byggðamynstur sem myndaðist á smábáta og hestvagnaöld. Hætta yrði að dreifa byggðastyrkjum eins og karamellum úr flugvél yfir allt landið, jafnt til góðra sem vonlausra svæða. Í staðinn þyrfti að fækka bæjum og ríkishöfnum og ákveða vænleg, stór þróunarsvæði til framtíðar." Bls. 129

"Margt annað hefur gerst í umræðunni um hálandisvegi á síðustu áratugum, en stærsti áfanginn var þegar fjórir hálandisvegir voru gerðir að stofnvegum árið 2002 í fyrstu sameinuðu samgönguáætluninni. Þessir hálandisvegir eru Kaldadalsvegur (frá Þingvöllum upp að Langjökli og þaðan niður í Borgarfjörð), Kjalvegur, Sprengisandsvegur og Fjallabaksleið nyrðri." Bls. 130

**Fæ dósentsstarf – og ritun þriggja bóka** "Einnig kom í ljós að greining sú á náttúrfari á Íslandi sem ég hafði unnið við, kom mjög til góða, því verkfræðin var dálítið á eftir í slíkri greiningu. Greining á landi og 22 umhverfisþáttum er grunnforsenda þess að hægt sé að laga byggingarframkvæmdir að aðstæðum og að lágmarka umhverfisáhrif þeirra. Það að ég hafði ritað skipulagssögu Reykjavíkur var líka góður undirbúningur fyrir kennslu í Byggðarskipulagi..." Bls. 133

"Haustið 1990 lét ég meginþema námskeiðs míns vera Framtíðarsýn fyrir Ísland, og snerust verkefni stúdentanna um þetta. Þetta þema hafði ég valið því ég hafði ákveðið að skrifa bókina Framtíðarsýn – Ísland á 21. öld um jólin..." Bls. 133 "Næstu bók, Land sem auðlind, vann ég á líkan hátt, en nú var stefnt á að forma fyrirmynd þess hvernig búa ætti til nútímalega byggðááætlun fyrir landshluta – í þessu tilfalli SV-land – og skyldi lokaútkoman vera rammaskipulag fyrir þennan landshluta..." Bls. 134

"...vegna nýrra strauma t.d. á umhverfissviðinu og vegna samskipta- og internetsbyltingarinnar, sem opnaði alveg ný tækifæri fyrir litlar og einangraðar þjóðir. Þegar ég hugleiddi þetta sá ég að ekki nægði lengur að horfa bara á Ísland sjálft, þegar framtíðarsýn fyrir landið væri búin til, heldur líka þær breytingar sem væru að bylta stöðu þess alþjóðlega. Hafði ég því samband við Albert Jónsson ráðgjafa Davíðs í alþjóðamálum um þá hugmynd að við skrifuðum bók saman um þetta. Leist honum vel á og gerðum við lýsingu á bókinni og fengum styrk frá ríkisstjórninni til að vinna hana." Bls. 134

**Barátta fyrir hugmyndum – og miðlun þeirra** “...Mitt ráð hérna, eftir þessar hafnanir, var – eins og svo oft áður – að gera þetta sjálfur... án aðstoðar stofnana. Lét ég námskeiðið í Byggðarskipulagi haustið 1991 fjalla um að gera tillögu að „Svæðisskipulagi Miðhálandisins“. Vann ég að þessu með stúdentum mínum, en jafnframt rituðum við skýrslu um skipulagið, sem við dreifðum víða.” Bls. 137

“... Birtu blöð og sjónvarp margar fréttir og umfjallanir um hugmyndir mínar. Þannig fékk t.d. Sjónvarpið árið 1992 Ragnari Halldórssyni það verkefni að gera sjónvarpsþátt um störf mín; „Framtíðina verður að búa til“. – Á Stöð 2 gerðu þeir einnig þátt um störf mín tíu árum seinna, í þáttaröðinni Sjálfstætt fólk. Þar var einna mest áhersla lögð á kenningar mínar um áhrif hnattrænnar hlýnunar. Haustið 1993 sótti ég námskeið Sjónvarpsins í gerð heimildamynda fyrir fræðimenn og skrifaði þar handritið „Landið okunna – Leit án enda“ sem fjallaði um könnun okunnra svæða og þá sérstaklega hálandisins. Var þetta eina myndin sem var gerð eftir handritum námskeiðsins...” Bls. 137

**Myndun formfræða um byggðarþróun** “Í stuttu máli eru formeinkenni Íslands: Landið er hringur, byggðin er eins og kragi í útjaðrinum, eftir honum liggur hin línulega miðja; hringvegurinn, en sjálf miðja landsins, 23 á Sprengisandi, er hinsvegar óvirk. Lagning hálandisvega er því bæði leið til að stytta vegalengdir og til að virkja þessa miðju... því eðlilegast er að á miðju landsins verði reist ný höfuðborg, í fyllingu tímans, eins og gert var á Spáni, Mexíkó og Brasilíu.” Bls. 138

“Um tíu árum síðar (2006) gaf ég síðan út bók sem fjallaði sérstaklega um hvernig byggðamynstur heimsins mundu breytast vegna áhrifa hnattrænnar hlýnunar: How the World will Change – with Global Warming. Skilgreini ég þar tíu megintilfærslukrafta sem munu breyta byggðamynstri heimsins með hnattrænni hlýnun. Annað mikilvægt formrænt þema í þessari bók – sem ætlað var til að varpa ljósi á einkenni á byggðamynstrum heimsins í framtíðinni – þ.e.a.s. þróun rýmiskerfa. Kenningu um þau var ég byrjaður að þróa í stúdíeringu minni á Íslandi. Hér er um þann skilning að ræða að hringvegurinn sé í raun línuleg miðja landsins. Og um leið sjáum við að punktamiðjuna í miðju landsins, vantar í okkar ágæta landi.” Bls. 139

**Form er lykill að fegurð og dýpt** “Fyrr á öldum voru hönnuðir fyrst og fremst listamenn og fengu margra ára þjálfun í listaskólum sem slíkir. Á 20. öldinni varð arkitektanám sífellt tæknilegra og byggingar arkitekta tóku því sífellt meira að líkjast iðnaðarhúsnæði...” Bls. 142 “

Áður voru skipulagsfræðingar einnig listamenn og eru margar fegurstu borgir heims, eins og t.d. París og Washington, í grunninn skipulagðar eins og listaverk...” Bls. 142

“Annað formrænt meðal í viðbót við geometríuna – til að auka fegurð og áhrifamátt borga og bygginga – er skreyti (ornament). Nútíminn er svo gegnsýrður af neikvæðni út í orðið skreyti (t.d. er talað um skreytni, þegar menn hyllast til að ýkja)...” Bls. 143

**Landsskipulag og skipulag Miðhálandisins** “Í fyrri köflum hef ég lýst hvernig ég mótaði frumhugmyndir mínar um skipulag landsins alls um 1975 (sjá bls. 47). Fyrstu tillöguna að heildarskipulagi landsins birti ég síðan í fjölríti 1987 (sjá bls. 58). Var hún byggð á allmikilli vinnu við kortatúlkun á helstu náttúrufarsforsendum á landinu, m.a. túlkun á auðlinda- og hættusvæðum þess.” Bls. 149

**Ferðamál í landsskipulagi – og tengsl þeirra við vegamál** “Þegar ég var í náminu í Kaliforníu voru að mótast þar í samfélagsumræðunni, frumdrög nýrrar sýnar um líf og starf þjóðfélaga og einstaklinga. Byggðist nýja sýnin og skilningurinn á því að þéttbýli og mengun væri stöðugt að aukast í heiminum

þannig að allt sem tengdist víðáttu og hreinleika færi mjög hækkandi í verði. Sá ég strax að þetta mundi geta skapað Íslandi mjög mikil tækifæri í framtíðinni, t.d. vegna aukinnar ferðamennsku til 25 lítt spilltra svæða.” Bls. 153

“Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri fékk mér þrjá yfirmenn hjá stofnuninni til að vinna með mér að bókinni, og ársfundur Vegagerðarinnar 1998 í Skagafirði, var helgaður málefningu, sem var mikil hjálp. Í formála að bókinni segir Helgi: „ ... er mikill fengur að því framtaki Trausta Valssonar að skrifa bók þá er hér birtist um vegakerfið og ferðamálin. Höfundurinn er kunnur að því að taka umfjöllunarefni sín ferskum tókum, og setja fram nýjar og oft ógrandi hugmyndir um framtíðina” Bls. 155

“Árið 1998 var sú ákvörðun gerð kunn suður í Evrópu, að Reykjavík hefði verið valin, ásamt sjö öðrum smáum borgum, að vera menningarborg Evrópu á sjálfu aldamótaárinu 2000... Fékk ég og þrjár borgarstofnanir styrk til útgáfu bókar og sýningar í Ráðhúsinu um þetta. Áttum við, hópur fólks, mjög góða samvinnu um þetta og kom bókin Borg og náttúra ... ekki andstæður heldur gagnstýrkjandi einnig út fyrir jólin 1999...” Bls. 155

**Hræringar í Háskólanum vegna skipulagsmála** “... Umhverfismál og skipulag höfðu komið sterk inn í umræðuna síðast á 20... Aðstaða mín til að taka forystu á þessu sviði styrktist þegar ég fékk framgang í stöðu fyrsta prófessors í skipulagsfræði 26 við íslenskan háskóla. Er ég enn eini prófessorinn í skipulagi á Íslandi nú fimmtán árum seinna (2015).” Bls. 156

**Ný aðal- og svæðisskipulög ýta á flugvallarmálið** “Haustið 2000 lét ég skipulagsnámskeiðið hjá mér snúast um framtíðarsýn í skipulagi Reykjavíkur og var aðalverkefnið að gera skipulag fyrir blandaða byggð á flugvallarsvæðinu...” Bls. 158

**Yfirlitsrit mitt: Skipulag byggðar á Íslandi** “Ég vissi að byggð Íslands er eitthvert skýrasta dæmið í heiminum um hvernig þetta gerðist, ekki síst vegna þess að náttúruvafarsforsendur hér eru svo afgerandi, bæði er auðlindir og hættur varðar. Vegna þessa gæti bókin haft víðtækt gildi sem sýnidæmi um hvernig byggð og þjóðfélag myndast út frá aðstæðum.” Bls. 160

“Með að gera tilraun til að lýsa þessu samspili byggðar og náttúru í bókinni, var orðið ljóst að hún yrði að koma inn á mörg svið náttúruvísinda, auk fræðanna um byggðir og skipulag. Ákvað ég því að skipta bókinni í skýrt afmarkaða hluta og kalla „bækur” Bls. 160

**Áhrif hlýnunar – Farrand prófessor 2004** “Mér er mjög í minni þegar prófessor okkar í veður- og vatnafræði í Berkeley – Luna Leopold – kom af ráðstefnu 1981 og sagði að svo mikið magn gróðurhúsalofttegunda væri að safnast fyrir í lofthjúpnunum að líklega gæti farið að hlýna í heiminum. Þetta mundi t.d. þýða hækkun sjávarborðs og tilfærslu gróðurbelta.” Bls. 162

**Bók um hvernig heimurinn mun breytast með hlýnuninni** “Árin 2005 og ’06 fóru í að skrifa bókina How the World will Change – with Global Warming. Ég skrifaði hana á ensku, því að flest í henni á frekar við allan heiminn en Ísland. Þessi bók virðist mér hafa verið fyrsta bókina í heiminum sem lýsir áhrifum hlýnunarinnar á skipulagsmál og byggðamynstur.” Bls. 165 “Þegar ég ákvað uppbyggingu bókarinnar var það aðalatriðið hjá mér að gangast við að Kýótó mundi ekki virka og að heimurinn ætti frekar að takast á við þær breytingar sem verða með hlýnuninni. Skrifaði ég ljóðið „Meðtökum breytingar“ á ensku og birti í bókinni. Íslensk þýðing á ljóðinu er á næstu síðu. Allt er þetta mjög augljóst í dag eftir að búið er að fjalla um breytingar sem verða í norðrinu í óteljandi fréttabáttum. En þetta var ekki svona augljóst 2006 þegar ég gaf bókina út...” Bls. 165

**Áhrif loftlagsbreytinga á Ísland** “Annað dæmi um rangt skipulag og rangar fjárfestingar var það að auglýsa Mývatn sem svæði fyrir snjósleðakeppni og dorg niður um ís, því stuttu eftir að fjármunir höfðu verið settir í þetta var ísinn á vatninu orðinn það ótryggur á vetrum, að það leyfði ekki þessa starfsemi. Erindi um þetta hélt ég á ráðstefnu norrænna ferðamálafrömuða á Búðum á Snæfellsnesi í júní 2007, og sagði frá þessum vítum til varnaðar.” Bls. 169 “Ein mestu áhrif hlýnunarinnar á Íslandi er stöðug lenging sumarsins, sem þýðir t.d. lengingu tíma sumartúrisma og bændur geta núna jafnvel slegið tún sín þrisvar á sumrin... Bls. 169

“Vann annar hópurinn (í stúdíói okkar í HÍ) hugmynd að landsskipulagi þar sem reiknað var með umskipunarhöfn í Finnafirði, olíuvinnslu á Drekasvæðinu og e.t.v. lagningu rafkapals frá Austfjörðum til Skotlands. Ályktaði hópurinn sem svo að ef þessi mikla uppbygging færi í gang þyrfti að styrkja vegakerfið á Austurlandi mjög og tengja það betur við SVland með hálendisvegi að baki Vatnajökli, sem stytta mundi vegalengdina á milli þessara landshluta um meira en 200 km.” Bls. 171

**Þróun byggðarmynsturs á hnettinum** “Þriðja þema okkar til að skrifa um, voru grófar lýsingar mínar á þróun byggðarmynsturs heimsins, sem ég hafði sett fram fyrir um 12 árum, og síðan í nokkru nánari útfærslu í bókinni How the World will Change...” Bls. 174

“Sem þema fyrir fjórðu greinina, völdum við að lýsa þeim sömu tilfærslukröftum og eru að verki við mótun byggðarmynsturs heimsins... en nú fyrir mótun byggðarmynsturs á litlu landsvæði, sem í þessu tilfelli var Ísland...” Bls. 174

“Við sáum fljótlega að hérna var komið gott tækifæri til að grafa ofan í dýpstu rætur þess hvernig byggðarmynstur verða til og þróast. Smíðuðum við um þetta almenna fræðikenningu, og tekur greinin, sem við birtum í „Futures“ í lok rannsóknanna, nafn sitt af henni: „A Theory of the Evolution of Settlement Structures Based on Identification and Use of Patterns: Iceland as a Case Study.“ Bls. 177

“Það er ekki á hverjum degi sem ný fræðikenning um þróun byggðarmynstra kemur fram í vísindaritum heimsins og er það mjög góð tilfinning að það tókst loks að búa til heildstæða kenningu til að ná saman...” Bls. 177

**Umhverfisskipulag er orðið mikið lykilfag í dag** “Við Íslendingar þekkjum vel að of mikið álag á náttúruna getur leitt til skelfingar. Þannig eyddu t.d. ofbeit og kuldatímabil fyrr á öldum, mestu af gróðrinum á hálendinu, og afkastageta fiskstofna hefur oft stórminnkað eða hrunið, vegna ofveiði, eins og t.d. síldarstofninn um 1968...” Bls. 180

“Umhverfisskipulag var það fag sem ég lærði í Berkeley 1980-’87, og þó fræðin þá hafi miðast við það að laga byggð og framkvæmdir betur að náttúrunni á skala borga eða svæða, þá hefur þetta nám hjálpað mér til að leggja mat á kenningar um hvað gæti skeð á hnattrænum mælikvarða...” Bls. 180

“Ein aðferðin við að spara orku í Evrópu, er að reyna að koma á þannig skipulagi í borgum að borgir og bæir noti sem minnsta orku. Algengasta aðferðin er að sækja að einkabílum, sem t.d. er gert með þrengingum á götum og þéttingu byggðar, eins og gert var í aðalskipulagi Reykjavíkur 2014. Með þessu næst nokkur þrýstingur á að fleiri noti strætó, hjóli eða gangi...” Bls. 181

“Árið 2009 fékk ég fyrsta MS stúdent minn í sjálfbærnu skipulagi borga, Katrínu Halldórsdóttur... búin að ákveða að lokaverkefni hennar yrði vistvænt skipulag blandaðrar 30 byggðar við Elliðaárvog og á

Ártúnshöfða. Til að styrkja vinnuna við þetta þema, ákvað ég að helga námskeiðið Bygðarskipulag haustið 2011 þessu verkefni, og var svo heppinn að það tókst að fá borgina og Björn Axelsson (sem síðar varð skipulagsstjóri Reykjavíkur), til að halda námskeiðið með mér – en Katrín varð aðstoðarkennari.” Bls. 181

“Um vorið 2012, hélt deildin svo stóra ráðstefnu um þetta átak sitt í að innleiða sjálfbærni hugsun í skipulagi og framkvæmdum.” Bls. 183

**Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur frá 2014** “Oft er skipulag borga í litlum löndum miðað við þá hugmyndafræði sem er efst á baugi í stóru löndunum. Íslendingar eru sérstaklega sólgirnir í að fylgja tískum og það krefst fræðilegs djúpsæis að ná að skilja hvað í aðstæðum á Íslandi og á Reykjavíkursvæðinu, er öðruvísi...” Bls. 184

“Fyrsta grunnatriðið tengist óskinni um að nýtt skipulag leiði til minni útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Aðalskipulagið velur tvær aðferðir til að ná þessu markmiði: Að draga úr bílnotkun og að þétta byggðina, því að þetta tvennt muni leiða til minni útblásturs þessara lofttegunda. Þegar nánar er að gáð stenst hvorugt. Ástæða þess að minni bílnotkun muni ekki leiða til minni útblásturs er að innan skamms verður hættulegur útblástur ekki til ama, því metan- og rafbílum fjölga ört.” Bls. 184

“Hvað hitt atriðið þéttingu byggðar varðar, þá sýna nýjar rannsóknir Jukka Heinonen, ungs dósents í skipulagsfræði við HÍ, að þéttar borgir skila frá sér meira af gróðurhúsalofttegundum en dreifðar, þegar allt er reiknað...” Bls. 184

**Skipulag og staðsetning Háskólasvæðisins** “Því miður voru grunnlínurnar í skipulagi Háskólasvæðisins fljótt lagðar rangt. Að vísu kom Aðalbyggingin – sem byggð var fyrst – á réttan stað, þ.e. í miðjuna. Síðan tók við hin illræmda hornastefna, þar sem helstu byggingar voru settar út í horn Háskólasvæðisins...” Bls. 187

“Þegar leið á dómnefndarstörfin sá ég að Háskólinn hafði gert mikil mistök að samþykkja að vera í miklum minnihluta í þessari nefnd sem ákveða skyldi meginlínurnar í framtíð skólans. Verst finnst mér að bæði tillöguhöfundar og hinir í dómnefndinni, tóku undir þá stefnu Reykjavíkur að troða lítt skyldri starfsemi inn á svæðið...” Bls. 188

**Landsskipulag og hálendisvegir á ný** “... Þeir sem unnu landsskipulagsstefnuna hafa þá sýn að miðja landsins verði einskonar þjóðgarður, sem heimsóttur er frá jöðrunum. Áherslan á verndun og „ósnortin víðerni“ er svo víðtæk, að lagðir eru margir steinar í götu orkuvinnslu og vegagerðar á hálendinu.” Bls. 190 “Hálendisvegir mundu líka gegna miklu öryggishlutverki í náttúruhamförum og hefur stofnvegurinn Fjallabaksleið nyrðri þar mestu hlutverki að gegna sem varaleið, t.d. þegar Kötlugos kemur, en það gæti rofið hringveginn í marga mánuði. Svo gæti virst að andstaða við hálendisvegi væri mikil, en í skoðanakönnun Bylgjunnar 32 20/4 '15 var spurt: Viltu að hálendisvegur verði lagður er tengi Suður- og Norðurland? Á móti voru 28,6%, en 71,4% voru með því að hálendisvegur yrði lagður.” Bls. 190

**Niðurstaða: Mótun framtíðar er mikilsvert mál** “Heiti bókarinnar er „Mótun framtíðar“, en skipulagsmenn og hönnuðir eru meðal þeirra sem eru hvað virkastir í mótun hins hlutlæga umhverfis okkar. Til að góður árangur náist þurfa hönnuðir og stjórnálamenn að vinna vel saman að þessum



verkefnum. Á 20. öldinni er samvinna Guðjóns Samúelssonar húsameistara og Jónasar Jónssonar frá Hriflu hvað athyglisverðust..." Bls. 191

"Á Íslandi er módernisminn hinsvegar enn það sterkur að margir telja rétt að byggja fleiri framandleg módernísk hús í Miðbænum. Mitt álit er hinsvegar það að þessu verði að linna og að aðeins heppni sé að módernisminn sé ekki alveg búinn að eyðileggja Miðbæinn..." Bls. 191

"...Bókin hefur sérstaklega lagt sig eftir því að veita sýn inn í hvað mótaði hugmyndafræðina að baki straumunum í skipulagi og hönnun á síðastliðnum 50 árum. Styðst ég m.a. þar við hvernig ég upplifði þessa strauða sjálfur, einkum á námsárum mínum í Berlín og Berkeley." Bls. 192 "Ég var svo heppinn að kynnast þremur af mestu mótendum heimssýna, hönnunar og skipulags á ofanverðri 20. öld; Buckminster Fuller, Ian McHarg og Christopher Alexander. Frásögnin af framlagi þeirra, hérna í bókinni, er að líkindum skýrari vegna þessara persónulegu kynna. Hugmyndafræði þeirra hafði svo einnig afgerandi áhrif á hvernig ég starfaði sjálfur að mínum verkefnum." Bls. 192

## **UM SKIPULAG** Úr "**Skipulag byggðar á Íslandi - frá landnámi til líðandi stundar**" (2002)

**Formáli** e. *Styrmi Gunnarsson* "Með þessu riti hefur Trausti Valsson lagt grundvöll að því að við Íslendingar öðlumst meiri yfirsýn yfir þau málefni, sem varða þróun byggðar á Íslandi og skipulag hennar... eiga að gera okkur kleift að brjótast út úr þeim dægursjónarmiðum, sem lengi hafa einkennt umræður um þessi grundvallarmál..." SkipBygg p. 10

**Inngangur 1 Viðfangsefni þessarar bókar** "Mörgum mun finnast það mikið í lagt að ætla að skrifa bók um skipulag byggðar á Íslandi frá landnámi til líðandi stundar..." 11 "Tilgangurinn er ekki að búa til hefðbundið sagnfræðilegt rit... Viðfangsefni bókarinnar er hinsvegar að skapa sem dýpstan skilning á skipulagi byggðar á Íslandi. Og til þess að ná þeim tilgangi er skynsamlegt að leita langt aftur í tímann..." SkipBygg p. 11

"Þessi saga á Íslandi er býsna heillandi og áhrifamikil... ef maðurinn missté sig í staðarvali; settist t.d. að undir hlíðum eldfjalls eða of nálægt flóðasvæðum við strönd, þámveitti náttúran manningnum lexíu og hann tók þeirri kennslu. Þannig lærði maðurinn smám saman að koma sér mjög vel fyrir á Íslandi, oft að fenginni mjög dýrkeyptri reynslu." SkipBygg p. 11

"...munum við rekja okkur í gegnum reynslusöguna um sambúð manns og lands og þjóðar... einkonar námskeið í því og verða læs á hvað það er í náttúrufari sem skiptir máli þegar að skipulagi búsetu í landinu kemur." SkipBygg p. 12

"Þessi saga ætti einnig að geta verið lærdómsrík dæmisaga fyrir aðrar þjóðir, vegna þess að þetta tungumál og allt mótunarferlið frá fyrstu frumkröftum náttúrunnar er svo skýrt á Íslandi..." SkipBygg p. 13

**2 Fræðin um skipulag byggðs umhverfis** "... er það æfagamalt viðfangsefni hvernig maðurinn geti best skipulagt athafnir sínar t.d. veiðar, akuryrkju, flutninga, sem og val á stað til búsetu." SkipBygg p. 18

**3 Basic Elements of Planning Theory** “Eitt af því sem nýlega hefur verið að gerast í skipulagsfræðum (skrifað 2002) er að skipulag fjallar nú orðið meira um þróun og endurnýjun í bæjum...” SkipBygg p. 22

**5 Mikilvægi hins byggða umhverfis** “Borgvæðingin á Íslandi hefur tekið um 100 ár. Hún byrjaði í lok 19. aldar og var búin að ná 90% í lok þeirra 20ustu...” SkipBygg p. 26

**6 Hvers vegna kafa þarf niður í rótina** “Þrátt fyrir hina miklu þekkingu á náttúrufari og náttúrufræðingum á Íslandi, höfum við í seinni tíð verið að lenda í miklum vandamálum í sambúðinni við landið. Má þar nefna snjóflóð, aurskriður, flóð frá sjó, flóð út frá ám, áhrif jarðskjálfta á byggð o.s.frv., sem án alls efa hefði verið hægt að forðast...” SkipBygg p. 27

**3 Mótun manna, dýra og gróðurs** “Sambúð þjóðarinnar við landið hefur verið nokkuð umsvifinga- og áfallasöm í sögunni, ekki síst vegna þess að gróðurþekja þess bar ekki mikinn búsmala...” SkipBygg p. 35

**2 Tegundir náttúrufræðis** “Nú á tímum þéttbýlis og auðveldra samgangna, þurfum við ekki lengur af knýjandi nauðsyn, að nýttja lönd nálægt hinum eldvirku svæðum...” SkipBygg p. 42

**1 Hugmyndafræðin um aðlögun byggðar** “Þegar maðurinn fer, t.d. vegna aflvéla, að verða frjálssari í vali sínu á bústað, þá fer hann smám saman að gleyma því að það er mjög mikilvægt að laga byggð að vissum náttúrufræðis- og stasetningarforsemdum... “...Í nútímanum er svo illa komið að maðurinn hefur mjög glatað tilfinningu sinni fyrir þessu beina sambandi við náttúrufræðis landsins” SkipBygg p. 49

**3 Dæmi um slæma aðlögun byggðar** “Stærstu mistök, sem landnámsmennirnir gerðu í hinu nýja landi, var að setjast að á of miklu láglendi fyrir opnu hafi, t.d. á Reykjanesskaganum, að setjast að undir hlíðum eldfjalla, sem og að fara of langt upp til hálandisins...” SkipBygg p. 53

“Á fyrstu öldum landnámsins var allmikil byggð í Þjórsárdal, rétt við Hekalurætur, en þegar risagos varð í fjallinu árið 1104 fylgdi því svo mikil gjóska að svæðið grófust undir margra metra þykku öskuog vikurlagi. Er þetta sambærilegt við það þegar bæirnir Pompei og Herculeum grófust í mjög miklu gosi...” SkipBygg p. 53

**1 Landshættir sem grunnur mótunar** “Grundvallaratriði í sambandi við mótun fyrsta byggðamynstursins er að í upphafi höfðu landsmenn góðan bátafloa og voru miklir sjómenn. Einnig hafði það áhrif að búsmali var ekki mikill, því landnámsmennirnir gátu ekki 7 tekið mikinn búsmala með sér við flutninginn til landsins. Fyrstu landnámsmennirnir urðu því að lifa af því sem sjórinn og landið gaf...” SkipBygg p. 59

**4 Möguleikar í samgöngum** “...atriði sem hafði grundvallaráhrif á hvernig byggð og byggðamynstur mótuðust í tímans rás á Íslandi. Eru þetta þeir möguleikar í samgöngum sem gáfust á hverjum tíma...” SkipBygg p. 65

“...Vegabæturnar voru margs konar. Í úfnum hraunum var hraunhraukum velt ofan í gjótur og í víðfeðmum mýrum var torfi hlaðið upp í svokallaðar torfbrýr...” SkipBygg p. 66

**4 Alþingi - Fyrsta skref til heildarstjórnunar** “Samkvæmt miðlægnislögmálinu, myndast stjórnsýslumiðstöðvar eða höfuðborgir mjög oft í miðju landsvæða. Þetta gat ekki gerst á Íslandi vegna þess að miðja landsins var óbyggileg...” SkipBygg p. 73

3 Verslunarkerfi, hafnir 85 “Þessar fiskveiðar leiddu því til þess að hafnir efldust á þessum stöðum og urðu þær þá margar um leið verslunarhafnir; og hafnir til útflutnings á fiski, og þá að sjálfsögðu um leið til innflutnings á vöru...” SkipBygg p. 85

“...á þessum útflutningsstöðum afurðanna þótti skynsamlegt að vera með útgerð líka. Þannig varð þetta kerfi verslunarstaða að nokkru leyti grunnur að sjávarþorpakerfinu á landinu.” SkipBygg p. 86

**1 Flutningar á stofnunum til SV-hornsins** “Áhugi stjórnvalda á að efla þjónustu og stjórnsýslu á Íslandi um miðja 18. öld, birtist m.a. í byggingu glæsilegra steinhúsa fyrir embættin...” SkipBygg p. 108

**2 Fyrstu skref í skipulagsþóun Reykjavíkur** 1. Ingólfur Arnarson, hafi lagt fyrstu línuna í framtíðarskipulagi höfuðborgar landsins með sjávargötu sinni. 2. Skúli Magnússon og félagar velja síðan þessa jörð, – sem nú var orðin konungsjörð, – sem stað fyrir Innréttungarnar. 3. ... opinberar stofnanir flytjast hingað... SkipBygg p. 110

**1 Bylting í skipulagsmálum í fyrra stríði** “Árið 1915 má með sannri telja upphafsár markvissrar skipulagsumræðu í Reykjavík. Um vorið var stórbruni í miðbænum. Þar brunnu 12 nálæg timburhús...” SkipBygg p. 120

**3 Þróun hinna ýmsu kerfa í Reykjavík** “Fáum mun vera það ljóst, hversu hin ýmsu tæknikerfa borga ráð miklu um hvernig borgir skipuleggjast...” SkipBygg p. 126

“Bílarnir eru háværir og mengandi, þannig að til varð í skipulagsfræðum sú stefna að draga byggðina inn í byggingarreitina og hafa þá frekar grænar spildur meðfram umferðargötunum...” SkipBygg p. 128

**4 Áhrif kreppunnar og hernámsins** “Helstu afleiðingar kreppunnar í byggðarmálum voru m.a. þau, að fólk hélt áfram að gera sig tiltölulega ánægt með lélegt húsnæði og að áætlun skipulagsins frá 1927 um að flest timburhús í gamla vestur- og austurbænum skyldu hverfa, komst lítt til framkvæmda. Húsaverndunarmenn samtímans eiga því kreppunni töluvert að þakka.” SkipBygg p. 129

**1 Uppdrátturinn illræmdi frá 1948** “Árið 1948 var gerður uppdráttur af þessu svæði öllu. Þó hann sé mjög einfaldur í sniðum, og þótt hann hafi ekki fengið formlega samþykkt í bæjarstjórn, þá koma hér fram öll meginatriði þeirra heimsmyndar, sem nú var orðin ríkjandi í Reykjavík.” SkipBygg p. 133

“Samkvæmt þessari stemningu meðal bæjarbúa, voru t.d. gerðir skipulagsuppdrættir af miðbænum, sem miðuðu að því að rífa og afmá flestar gamlar byggingar aðrar en Dómkirkjuna og Alþingishúsið og nokkur önnur steinhús.” SkipBygg p. 137

“Garðborgastefnan hélt síðan áfram í skipulagsfræðum, t.d. með Corbusier, þar sem að þetta var kallað fylgihnattaskipulag...” SkipBygg p. 138

“Erfitt er að gera sér fulla grein fyrir þeirri eyðileggingu sem hefði orðið í gamla bænum ef hugmyndum aðalskipulagsins frá 1965 hefði verið fylgt eftir að fullu...” SkipBygg p. 144

“Sá stórkostlegi galli fylgdi því enn sem fyrr skipulagsstarfinu, að ekki var unnið sameiginlega að skipulagshugmyndum fyrir allt höfuðborgarsvæðið...” SkipBygg p. 152

“Eitt af merkilegustu verkefnum Þróunarstofnunar var áttak í umhverfismálum... Var þá gerð Áætlun um umhverfi og útivist, sem síðar fékk nafnið Græna byltingin.” SkipBygg p. 153

**4 Þróun höfuðborgarsvæðisins fram að aldamótum** “Miðþyngdarpunkturinn hér um slóðir byrjaði að sjálfsgöngu í Kvosinni og færðist síðan smám saman austur eftir nesinu. En þegar byggðin tók að þróast í suðursveitarfélögunum; Kópavogi, Garðabæ, Bessastaðahreppi og Hafnarfirði, tók ferill þessa þyngdarpunkts að sveigja suður á bóginn...” SkipBygg p. 181

**3 Hugmynd að skipul.fyrir Suðvesturland** “...sú hugmynd fæddist um 1990, að mikilvægt væri að fara að líta á allt Suðvesturland sem 25 eitt skipulagssvæði, kom fram sú tillaga að leita til landshlutasamtakanna, sem millistjórnsýslueiningar...” SkipBygg p. 227

**1 Glíman um stjórnsýslufyrirkomulagið** “Eitt stærsta deilumál á sviði skipulags, sem hefur komið upp á Íslandi, er deilan um Svæðisskipulag miðhálandisins, sem kom upp í fjölmiðlum vorið 1997, þegar lögð var fram fyrsta opinbera tillagan að svæðisskipulagi þess.” SkipBygg p. 231

**2 Rannsóknir, samgöngur og virkjanir** “Höfundur þessarar bókar hóf árið 1979 slíka vinnukortagerð, sem fólst í túlkun á ýmsum þáttum er varða náttúruferir á Íslandi... að hægt sé að lesa úr þeim það sem eftirsóknarvert er, eða á hinn bóginn; það sem þarf að varast...” SkipBygg p. 239

**4 Átök um skipul.hugmyndir á hálandinu** “...voru mikil átök um hálandismálin öll, og þá lagasetningu sem þeim tengdist, á árunum 1997 til 1999...” “...fór svæðisskipulagstillagan í auglýsingu eftir að skipulagsnefndin hafði gengið frá henni. Vegna þessa voru greinargerð og kort gefin út í bráðabirgðaútgáfu.” “Um 95 aðilar sendu inn athugasemdir; samtals um 320 blaðsíður...” SkipBygg p. 248

**1 Skorturinn á samhæfingu** “...til þess að ná fram mikilli samhæfingu, er jafnan nauðsynlegt að byrja efst í ákvarðanapírámídanum, þ.e.a.s. að ákveða framtíðarsýn.” SkipBygg p. 292

**1 Hafsvæði í nágrenni þéttbýlissvæða** “sinnum stærri að flatarmáli en landið sjálft. Í þessum kafla um nýtingu hafsvæða verður reynt að draga upp mynd af því, á hvern hátt er líklegt að hafsvæðin muni geta komið inn í, og haft áhrif á, skipulag og byggðapróun á Íslandi.” SkipBygg p. 331

**3 Kaplar, efnisvinnsla og olíuleit** “Annað sem gæti gjörbreytt stöðu Íslands í heimsbyggðinni, er það að ef verðmæt efni finndust á hafsbótnei við Ísland...” 342 “...einna líklegast er talið að olía gæti fundist á Jan Mayen hryggnum...” SkipBygg p. 342

**1 Hugmynd um framtíðarþróun í landinu** “Það sem einkennir landsskipulag er að það dregur upp framtíðarmynd eða framtíðarmyndir af líklegri eða æskilegri þróun lands...” SkipBygg p. 345

“Á þessum tíma var lítið farið að tala um úttektir á landskostum og þeim hættum sem í landinu búa... slíka landskostaúttekt tók höfundur þessara bókar að móta 1973. Í þessari vinnu tóku að myndast hugmyndir um framtíðina og birtust fyrstu greinarnar um landsskipulag vorið 1977...” SkipBygg p. 348

**2 Hugmynd að fyrsta landsskipulaginu** 353 “Það var árið 1975 sem bókarhöfundurinn fékk þá hugmynd að nauðsynlegt væri að stefna að gerð skipulags fyrir landið allt; landsskipulags...” SkipBygg p. 353

Vorið 1977 voru fyrstu tvær blaðgreinarnar með niðurstöðum úr landskipulagsvinnunni birtar. Er þar t.d. birt hugmynd að framtíðarvegakerfi landsins, þar sem hálendisvegir gegna miklu hlutverki. Á miðjum Sprengisandi er sýnd miðstöð, Háborg, og út frá henni liggja vegir í þrjár áttir; til Norður-, Austur- og Suðurlands.” SkipBygg p. 353

“Árið 1987 kom niðurstaða þessarar vinnu út í fjölríti sem nefnist Hugmynd að fyrsta heildarskipulagi Íslands...” SkipBygg p. 353

**1 HUGMYNDAHRÆRINGAR VIÐ ALDAMÓT 1 Breytingar á þjóðfélagsgerðinni** “Ísland stendur á allmiklum tímamótum (skrifað 2002) í mótun stefnu um það að hvernig framtíðar-þjóðfélagsgerð er æskilegt eða mögulegt að stefna á Íslandi...” SkipBygg p. 365

**2 Hugmyndafræði módernismans á undanhaldi** “Hugmyndafræði hins vestræna heims á sér djúpar rætur, einkum í hugmyndafræði kristinnar og í hugmyndafræði þeirri sem kom til sögunnar með tilkomu nútímavísinda, – einkum á 17. öld...” SkipBygg p. 367

“Í seinni tíð höfum við verið að átta okkur á hversu frumstæð þessi hugmyndafræði er, og hvernig hugsanamátinn sem henni tengist, hefur haft áhrif á að við höfum búið til æði vélrænar hugmyndir bæði um samfélagsgerð okkar og borgarskipulag.” SkipBygg p. 367

“Á síðustu áratugum er hinsvegar töluvert farið að bera á lífrænni og fjölbreytilegri hugsun, m.a. vegna áhrifa frá hugmyndafræði Austurlanda.”... “Bókarhöfundur hefur skrifað rit um þetta efni sem heitir Borg og náttúra ...ekki andstæður, heldur samverkandi eining...” SkipBygg p. 367

**3 Krafan um lifandi og borgarlegt umhverfi** “Það að breyta gamla miðbænum í Reykjavík á átt til lifandi borgar var frekar auðvelt, því hann er þéttbyggður og byggður samkvæmt skipulagshefðum Evrópuborga...” 370 “...viss þörf í þessum hverfum, að þar sé einhver lifandi hverfisstarfsemi. Þetta er reyndar orðið mun erfiðara í seinni tíð með súpermarkaðaþróuninni, því hún drepur niður hverfaverslunina...” SkipBygg p. 370

“...til þarf að verða fjölbreytt flóra búsetuforma innan hvernar borgar og bæjar...” SkipBygg p. 370

**2 Skipulags aðferðum beitt til að mæta meiri umhverfiskröfum** “Hinar nýju umhverfiskröfur eru um þessar mundir að breyta mjög miklu um hvernig við störfum og búum, sem og hvernig við byggjum borg og byggðir.” SkipBygg p. 380

**1 Fólk uppgötvar hve skipulag eftirstríðsáranna er slæmt** “... þá er bíllinn að verða almenningseign, sem leiddi til þess að hægt var að aka hinar löngu vegalengdir frá úthverfunum til vinnu og frá vinnu aftur heim. Vegna þessa tók borgin að dreifast það mikið, að borgarlífið deyfist og nær hvarf eftir að hverfin tóku að eldast og börnunum að fækka.” SkipBygg p. 384

“Hugmyndafræðin um að aðgreina hina ýmsu tegundir af borgarstarfsemi (zoning), ýtti einnig mjög undir uppbyggingu bílaborgar, en samkvæmt aðgreiningarstefnunni máttu atvinnufyrirtæki t.d. helst ekki vera inni í íbúðarhverfunum. Er þetta eftirhreytur af slæmum áhrifum óþrífalegs iðnaðar verksmiðjuborganna á 19. öld.” SkipBygg p. 385

**2 Lífsstílsbylting meðal unga fólksins** “Margt unga fólk vill auk þess helst geta leyst flest sín mál á sem minnstu svæði, það vill helst geta labbað í búðir, og að börnin geti gengið sjálf í skólana, líkt og

var í gömlu, þéttu borgunum, – í stuttu máli; að fólk sé ekki þrælar bílsins og úthverfalífsstílsins.” SkipBygg p. 386

“...t.d. nefna möguleikana á því að skokka, hjóla og fara á línuskautum. Þannig er nú t.d. göngustígurinn frægi og vinsæli með suðurströndinni, – sem áður var alveg lokuð, – orðin mjög vinsæll, og jafnframt opinn áfram upp Fossvogsdalinn og alveg upp í Heiðmörk.” SkipBygg p. 386

“Aðeins á einu svæði í nágrenni miðbæjarins býðst það stórt byggingarland... flugvallarsvæðið.” SkipBygg p. 387

“Þess vegna mun það verða næsta lítið, sem heldur í þetta unga fólk á Íslandi, ef hér býðst ekki það umhverfi sem það helst vill búa í” SkipBygg p. 389

**1 Svæðisskipulagið 2002 til 2024** “...fimm atriði sem bókarhöfundur telur að vanti aðallega í grunnskipulagningu og markmiðssetningu vinnunnar: 1. Meta hefði átt hina fyrri skipulagsreynslu á svæðinu. 2. Stækka hefði átt ramma skipulagsins og jafnvel hafa tvo ramma... 3. Nauðsynlegt hefði verið að komast í upphafi, og reyndar áður en að sjálfri vinnunni kom, að samkomulagi um yfirborgarstjórn um stærstu málefni svæðisins... 4. Nauðsynlegt hefði verið að fá niðurstöður um framtíð innanlandsflugs, þ.e. hvar það yrði staðsett, áður en vinnan hófst. 5. Móta hefði átt stefnu um eiginlegt þéttbýlt borgarsvæði á höfuðborgarsvæðinu...” SkipBygg p. 408

“... fólk er farið að búa að allverulegu leyti í sumarbústað sínum eða á bújörð, sem það hefur keypt. Nefnist þetta búsetuform, sem fyrst og fremst er þekkt meðal efnaðri stétta erlendis”. SkipBygg p. 408

**Samantekt** “Það ætti að vera ein af grunnlexíum bókarinnar að hið byggða umhverfi er ekki statískt og óbreytanlegt... heldur tekur það ótrúlega miklum breytingum þegar lítið er yfir þróunina á sagnfræðilegan hátt...” Planlcel p. 426

**3 Snúist gegn sýn sveitamannsins á borgina** “Langflestir Reykvíkingar af eldri kynslóðinni komu til Reykjavíkur beint úr sveitinni, þar sem þeir höfðu alist upp við miklar víðáttur, mikið útsýni og mikil tún. Þessi sýn varð síðan að sjálfsögðu mjög meðverkandi í því hvernig borgin hefur verið skipulögð...” “Unga kynslóðin er aftur á móti orðin borgarfólk, og hefur ekki aðdáun á heyskap og túnum...” “Þetta unga fólk vill gjarnan fá að byggja á hinum grænu svæðum, en skilja þó eftir bletti fyrir leikvelli og útiveru...” SkipBygg p. 388 búseta...” Planlcel p. 417

**Skilgreiningar** SkipBygg p. 478

**Gagnstyrking** (e. complementarity) Ef tveir þættir eru hannaðir rétt saman, t.d. borg og náttúrusvæði, styrkja þeir hvorn annan gagnkvæmt, þannig að til verður auka gildi.

**Tengisvæði** (e. interface) Svæði sem hannað er til að tengja önnur svæði, t.d. strandsvæði hannað sem tenging haf- og landsvæða.

**UM HÖNNUNAR-KENNINGU TV** Úr “Borg og náttúra (1999)

**UM HÖNNUNAR-KENNINGU TV** Úr “Borg og náttúra” (1999)

Efnisyfirlit Formáli Inngangur

### I. Aðferðafræði og afstaða

**1. Borg og náttúra** Borgin sem vörn við ógnum náttúrunnar / Náttúran fær ímynd hins góða og fagra / Borg og náttúra; ekki andstæður, heldur eining

**2. Áhrifamáttur aðferðafræði** Hin ríkjandi aðferðafræði sundurskurðar / Sundurskurður: Rót vandamála nútímans / Vél og náttúra - Tvær fyrirmyndir

**3. Ný heimsmynd samtengingar** Hin heildræna heimsmynd / Tengslabylting í borgum / Aðferðir tengslamyndunar

### II. Reykjavík - Hin þrjú tímabil

**4. Tímabil samfléttunar** Samfléttun mannlífs og náttúru / Erfið sambúð / Ný gullöld á mölinni

**5. Tímabil firringar** Frumorsök firringar / Skilningsleysið á náttúrugildum / Tengslaleysi leiðir til firringar

**6. Tímabil nýrra tengsla** Samtenging mannlífs og umhverfis / Tengsl heilbrigðisástands og umhverfis / Framtíðarsýn um samtengdan heim

### III. Tenging borgar og náttúru

**7. Tengsl borgar og hafs** Þróun tengslanna hingað til / Aðgerðir sem tengja borg og haf

**8. Tengsl borgar og aðliggjandi náttúru** Hvernig borgarjaðarinn hefur breyst / Samspil borgar og aðliggjandi náttúru

**9. Tengslin við frumöfl náttúrunnar** Víðáttur og hulin öfl / Breytingar á afstöðu til umhverfisins

**10. Tengsl borgarinnar við jarðhitann** Mótandi þættir jarðhita og eldvirkni / Betra borgarlíf með jarðhitnum

**11. Tengsl hverfa við opin svæði** Hvernig tengslin hafa þróast / Tengsl hverfa og opinna svæða

**12. Tengsl húss og umhverfis** Tengslaleysi: Endurspeglun hugsunarmódelis / Sköpun tengsla húss og umhverfis (bls. 4 og 5 í bókinni)

**Úr Formálanum** (bls. 6 í bókinni) “Ég fagna þessari bók sem er rituð af mikilli skarpskyggni. Hún sýnir fram á hugarfarsbreytingu, í átt til heildrænnar heimssýnar. - Fyrir einum tíu árum samdi ég nýjan formála að annarri útgáfu á bók minni "Introduction to Landscape Architecture" sem ég hafði umskrifað að talsverðu leyti. Ættili ég að gera það aftur núna myndi ég taka upp margt af því sem Trausti hefur skrifað og lagt til í hinu snilldarlega riti sínu og breyta verkinu mínu í samræmi við það”. - Michael Laurie *Prófessor emeritus Landslagsarkitektúr og umhverfisskipulagsdeild Kaliforníuháskóla í Berkeley* (Bls. 6)

**Úr Innganginum** (bls. 7 í bókinni) “Mörgum mun þykja tónninn í þessari bók æði fræðilegur, en hér eru fræði ekki stunduð án tilgangs. Kafað er ofan í hugmyndafræði Vesturlanda til að skilja betur hvers vegna við fjarlægðumst svo mjög náttúruna á tímabili”. (Bl. 7)

“Kjarninn í þessari hugmyndafræði er að líta ekki á borg og náttúru sem andstæður eins og vestræn menning hefur löngum gert, heldur sem samverkandi einingu. Þar getum við fundið margt til leiðbeiningar í austurlenskri menningu og Hönnun”. (Bl. 7)

“Eitt af því athyglisverðasta í sambandi við tvenndarpör - sem við vesturlandamenn köllum andstæður, - er að ef þeim er gert kleift að vinna saman styrkja þau hvort annað gagnkvæmt. Í litafraði er þetta t.d. þekkt í því að „andstæðulitir“ eins og t.d. rautt og grænt, styrkja hvorn annan. Er þetta lögmál nefnt gagnstyrkni, eða complementarity á ensku”. (Bl. 7)

**Borgin sem vörn við ógnum náttúrunnar** “Í sögu menningarinnar hefur löngum verið litið á borg og náttúru sem andstæður. Borgin sem vörn eða virki mannsins er táknmynd fyrir varnarbaráttu þá sem maðurinn hefur löngum átt við að etja í samskiptum sínum við náttúruöfl og ytri ógnanir”. (Bl. 9)

“Þegar það gerist í átakasögu mannsins við umhverfi sitt, að komið hefur verið böndum á eitthvað sem ógnar honum, hættir það að hafa ímynd hins illa, og maðurinn slakar það mikið á að hann nær að sjá það góða og fagra sem í því getur falist. Á þessu byggist það hvaða afstöðu maðurinn hefur til náttúrunnar á hinum ýmsu tímasteiðum”. (Bl. 9)

“Það var tæknin og þekkingin sem tók að losa þjóðina úr heljargreipum ótta og kyrrstöðu á 19. öld”.

“Á miðöldunum var hræðslan við ill náttúruöfl ríkjandi í hugmyndafræði Evrópu allrar. Klerkastéttin notaði sér þetta til að scilla guðdómnum upp sem vörn gegn þeim illu öflum sem voru með yfirhöndina í náttúrunni, - og borg og guðstrú voru nánast samheiti. Eða eins og Marteinn Lúther segir: „Vor guð er borg á bjargi traust“”. (Bl. 9)

“Vegna þess að borgir voru staðir öryggis og forréttinda á tímum þegar hættur og ógnir biðu við hvert fótmál í náttúrunni, er ekki að undra að borgin hafi á þeim tíma fengið á sig ímynd hins góða og fagra og náttúran hins vegar ímynd hins slæma og ljóta”. (Bl.10)

**Náttúran fær ímynd hins góða og fagra** “Önnur söguleg þróun sama tímabils átti einnig eftir að hafa mikil áhrif á ímynd náttúrunnar, þó eftir öðrum leiðum væri”. (Bl.11)

“Á aðeins mjög stuttu tímabili umsnérist ímynd borgarinnar úr því að hún væri örugg og góð í að verða að ímynd hins hættulega og illa”. (Bl.11)

“Samruni nýrrar, stoltrar þjóðernisvitundar og náttúrutignunar varð óvída meiri en á Íslandi. Er það vegna þess að fátt annað en náttúran og bókmenntirnar hafði það mikla sérstæðu í evrópskum samanburði að það næði að vekja aðdáun útlendinga”. (Bl.12)

**Borg og náttúra; ekki andstæður, heldur eining** “Tvö dæmi um samspil byggðar og náttúru eigum við Íslendingar á heimsmælikvarða; torfbæinn og sjávarþorpið á skútuöld. Ljósmyndir frá t.d. Flatey á Breiðafirði”. (Bl.15)

“Bókarhöfundur bjó til fræðigreina um hagnýtingu þessa lögmáls fyrir svið hönnunar og skipulags í doktorsritgerð sinni í Berkeley í Kaliforníu. eru þessi fræði notuð í þessari bók til að útskýra vel heppnuð dæmi í samspili byggðar og náttúru...”. (Bl.16)

“Fyrri atriðið er það að þessi hágæði nást aðeins í samspili tveggja þátta sem, líkt og í litafraðinni, verða að vera gagnstyrkjandi pör. Einkenni slíkra para er að þau eru uppskipting einnar heildar, líkt og í litrófinu og í + og = í rafmagni, og suður- og norðurskauti í seguláhrifum. Einkennin eru þau sömu og með rautt og grænt, hús og garð, borg og náttúru; til verður orkuástand ef menn leyfa þeim að vinna saman en forsenda þess er að menn hafi öðlast þann skilning að það er rangt að kalla þessi pör andstæður eins og hið vestræna hugmyndakerfi gerir”. (Bl.16)



“Með þessari aðferð verður aldrei hægt að ná því hágæðastigi hönnunar að hús og garðar verði gagnkvæmt styrkjandi en ef hönnunin beinist að því að láta þessar einingar vinna saman opnar það leiðina til þess að í samspili þeirra verði til nýtt æðra gildi þannig að út úr dæminu kemur ekki bara  $1 + 1 = 2$  heldur  $1 + 1 = 3$ ”. (Bl.17)

**Hin ríkjandi aðferðafræði sundurskurðar** “Í fyrsta kafla var það rakið hvernig borg og náttúra hafa jafnan birst sem andstæðupör í sögunni...”. (Bl.18)

“... hafa verið ýmis sagnfræðileg rök fyrir þessu, en um leið er ljóst að undir niðri er hér að verki sá frumþáttur vestrænnar hugmyndafræði að stilla nánast öllu upp sem ósættanlegum andstæðum. Augljóst er að á meðan við höldum okkur við þessa afstöðu; að skilgreina t.d. borg og náttúru sem andstæðurpar, verður tæpast mikil viðleitni að tengja borgarsvæði og byggingar við náttúruna”. (Bl.18)

“Til að ráða bót á vandamálinu dugar ekkert minna en að fara ofan í hinn heimspekilega grunn til að skilja hvernig viðkomandi afstaða er til komin...”. (Bl.18)

“Dæmi um hvað góð bygging getur gert mikið fyrir náttúruna er Skíðaskálinn í Hveradölum. Flestum varð þetta ljóst þegar skálinn brann upp úr 1990...”. (Bl.18)

“Til að sjá, að við þurfum ekki að sæta ánauð hugmyndafræði ósættanlegra andstæðna, getum við litið til hugmyndafræði Austurlanda. Þar bera „andstæðupörin“ heitin jin og jang...”. (Bl.18)

“hvorutveggja er talið jafnmikilvægt því að þessi pör væru ekki til án hvors annars”. (Bl.18)

“...líta á hvernig dúalisminn náði tökum á vestrænum vísindum á 17. öld, - ekki síst vegna áhrifa frá Bacon, Descartes og Newton. Megineinkennið er að vísindunum var skipt í tvo hluta; hinn æðri hluta, sem er það sem hægt er að mæla, og hinn óæðri hluta sem ekki er eins auðvelt að beita einföldum reiknireglum á”. (Bl.19)

“...nánast með það eina verkfæri í höndunum að skera alla hluti niður í búta, reiknandi með því að góð þekking á bútonum skilaði betri skilningi á þeirri heild þess viðfangsefnis sem verið var að fjalla um”. (Bl.19)

“Til að sýna hvað það er varasamt að álykta eins og sundurskerandi vísindi gera, er oft sögð sagan af fjórum blindum mönnum sem eru að rannsaka fil. Einn rannsakar ranann og lýsir fílnum sem röri, annar einn fótinn og líkir fílnum við trjástofn, o.s.frv.” (Bl.19)

“En nú sitjum við uppi með aðferðafræðina „að skera í sundur“ sem er nákvæmlega merkingin á gríska orðinu ana-lýsa, sem er notað um þessa aðferð um allan heim. Þau fræði sem hins fjalla um það hvernig hlutir eru settir saman; sýn-thesa, eru hins vegar lítt umfjölluð og þar með lítt þróuð”. (Bl.20)

“Þetta vandamál sundurskurðar er tekið til umfjöllunar hér vegna þess að aðeins með því móti náum við að skilja hve háskalegt það er að hafa t.d. höggvið hönnun húss og garðs í tvö aðskilin starfssvið og hönnun borgar í aðskilin svið skipulags og landslagsarkitektúrs”. (Bl.20)

**Sundurskurður: Rót vandamála nútímans** “...kallar á að þjóðfélögin geri það að meginverkefni sínu á hinn nýju öld, að skapa skilning á hversu hörmuleg þessi vandamál hólfunar eru”. (Bl.21)

“...þjó maðurinn borgina í upphafi til sem tæki til að veita sér skjól gegn ógnum náttúrunnar”. (Bl.21)

“Stundum flóðu frá henni gjafir góðs árferðis og ríkulegrar uppskeru en stundum laust hún hrammi sínum þannig að fólk og fénaður fórst unnvörpum. Eitthvað hlaut að valda þessu, því hamfarir með svo skelfilegum afleiðingum var tæpast hægt að hugsa sér að gerðust án ástæðu”. (Bl.21)

“Í upphafi voru syndirnar litlar; illa byggt hús flaut burtu í flóði eða brotnaði í ofviðri. – En verkfærni mannsins hefur farið vaxandi og hann hefur brotið æ fleiri fornar varúðarreglur, þannig að nú blasa við fleiri vandamál en nokkru sinni fyrr...”. (Bl.21)

“Það sem hefur samt valdið mestum skaða á borgum nútímans er skipting athafna í aðgreind hólfi (zoning) og svo það að skipulag borgarinnar var gert að sérgrein án tengsla við hina aðliggjandi náttúru. Um hana áttu landslagsarkitektarnir að sjá.- Með þessu varð borgarskipulagið sjálfmiðjað (ego-sentrískt); hugsunin beinist öll að „hinum mikilvægu“ miðsvæðum borgarinnar, en útjaðarnir fá hins vegar litla athygli”. (Bl.23)

“Það sem hefur samt valdið mestum skaða á borgum nútímans er skipting athafna í aðgreind hólfi (zoning) og svo það að skipulag borgarinnar var gert að sérgrein án tengsla við hina aðliggjandi náttúru. Um hana áttu landslagsarkitektarnir að sjá. Með þessu varð borgarskipulagið sjálfmiðjað (ego-sentrískt); hugsunin beinist öll að „hinum mikilvægu“ miðsvæðum borgarinnar, en útjaðarnir fá hins vegar litla athygli”. (Bl.23)

“...hafa sýnt fram á að hin vélræna heimsmýnd Newtons og félaga, er í raun bæði frumstæð og gölluð”. (Bl.23) “

**Vél og náttúra – Tvær fyrirmyndir** “Aðdáun okkar á afrekum þessa velguðs hefur leitt til þess að við vegsömum gagnrýnislaustrum verk hans og dáum einkenni verka þeirra, sem eru; Hraði, beinar línur, sléttir fletir, tilfinningadauði og einhæf endurtekning. Í þessum heimi velguðsins eru maðurinn og náttúran, sem einkennast af bognum og krækilóttum línunum, hrjúfu yfirborði og ónákvæmum hreyfingum, aumkunarverð”. (Bl.24)

“...hafa sýnt fram á að hin vélræna heimsmýnd Newtons og félaga, er í raun bæði frumstæð og gölluð”. (Bl.24)

“Þetta hefur leitt til þess að menn hafa margir orðið skömm á vélguðinum, en eftir stendur að þessi guð hefur mótað nútímamanninn; robótinn...” (Bl.24)

“Margir telja að náttúran muni taka við sem módel af vélinni. Þetta atriði varð strax sterkur þáttur í hugmyndafræði hippanna sem vildu margir hverjir yfirgefa nútímalíf alfarið...”. (Bl.25)

**Hin heilræna heimsmýnd** “Verður nú farið yfir þá fimm þætti sem þessi nýja heimsmýnd einkennist af. Byggist þetta á umfjölluninni í tveimur fyrstu köflunum um nógildandi heimsmýnd og galla hennar, en með þessu fæst nokkur vísbending um einkenni nýju heimsmýndarinnar og það hvernig sú afstaða og aðferðafræði í þjóðfélaginu sem er að mótast með henni muni hjálpa við að leysa úr ýmsum helstu vandamálum samtímans”. (Bl.27)

“Um afstöðuna til tvennda. Vestræn heimsmýnd lítur á tvenndir sem ósættanlegar andstæður. Nýja heimsmýndin lítur á tvenndina, - t.d. mann og konu, - sem tvær hliðar sömu heildar sem eiga að vera

jafn rétttháar og eru líka þess eðlis að þær eiga að geta verið gagnkvæmt styrkjandi (e. complementary)". (Bl.27)

"Um aðferðafræði: ... "Þessi bók birtir aðferðafræði sem sýnir hvernig skapa má heildir, hvernig hægt er að efla samstarf tvenndarpara og hvernig hanna á jaðar milli svæða, ekki til að aðskilja svæði, eins og nú er gert, – heldur á þann hátt að jaðarinn verði tengisvæði (e. interface), sem eflir samvirknina milli svæðanna". (Bl.27)

"Andstæðan við þetta er hið samfléttaða og lífræna. Fyrirmyndir að þessu má gjarnan finna í náttúrunni og virðist stefna í að hún verði gerð að allsherjar fyrirmynd og módeli fyrir hina nýju heimsmynd. Flóknir vefir, hrjúfleiði og bogin form verða þá einkenni fagurfræði hennar". (Bl.27)

"... koma þrjú valkostir í afstöðunni milli manns og náttúru til greina... Í fyrsta lagi að maður og náttúra séu jafnréttthá og að stefnt sé að jafnvægi og samvinnu milli þessara tveggja aðila. Er þetta sú afstaða sem þessi bók mælir með. Í öðru lagi; alger samfléttun, sem krefðist afturhvarfs til náttúrunnar, - og í þriðja lagi; að náttúran sé gerð réttthærr en maðurinn, þar sem t.d. er komið inn á alþjóðlegu varúðarregluna sem segir að náttúran eigi alltaf að njóta vafans í óljósum málum". (Bl.28)

"Því miður virðist þessi afstaða nú vera að þróast út í þann púritanisma að öfgamenn geti ekki þolað að náttúran sé nýtt, t.d. til veiða, og jafnvel að maðurinn verði nánast gerður útlægur á sérstæðum náttúrusvæðum". (Bl.28)

"...heildræn læknisfræði. Hún leggur áherslu á að allur maðurinn sé eitt samhangandi kerfi, ein heild". (Bl.28)

"... sérfræðingunum, sem hugsa ekki út fyrir sitt hólf, yfirsjást oft lausnir af þessu tagi. Austræn læknávisindi ganga hins vegar fyrst og fremst út á hið heildræna og tengingar milli kerfa. Þeir aðilar sem stunda heildrænar lækningar hafa því aflað sér þekkingar úr þeirri átt. (Bl.28)

**Tengslabylting í borgum** "Borgarskipulag framtíðarinnar þarf að stefna að hliðstæðri samskiptabyltingu, byltingu sem ekki felst í auknum rafrænum samskiptum, heldur skiptum sem varða tengsl milli svæða og athafnasviða". (Bl.30)

"Í þessari bók er einkum lögð áhersla á þau auðævi sem eru til í náttúrufari í og við Reykjavík". (Bl.30)

"Tengslabyltingin á þessum stað þarf að felast í því að flytja hluta af hinni óþrifaugu starfsemi í burtu til að endurheimta ströndina og til að skapa rými fyrir íbúðar- og útivistarsvæði sem gætu notið þeirra stórkostlegu möguleika sem hér bjóðast með nálægðinni við strönd og haf". (Bl.30)

"Við skulum nú líta á fimm grundvallargildi sem unnið er með í hönnun og skipulagi" (Bl.30)

"Sköpun heildar er ævafornt markmið í hönnun. Gallinn í nútímanum er sá að heildin, – td hús eða borgarhverfi, - er afskorin frá umhverfi sínu". (Bl.30)

"Nýja heimsmyndin hefur tekið tímann upp sem virka breytu. Tíminn orsakar það að allt, bæði náttúran og mannanna verk, er í stöðugu breytingarferli, í leit að „dýnamísku“ jafnvægi...". (Bl.31)

"Nýja heimsmyndin hefur tekið tímann upp sem virka breytu. Tíminn orsakar það að allt, bæði náttúran og mannanna verk, er í stöðugu breytingarferli, í leit að „dýnamísku“ jafnvægi". (Bl.31)

“Meðhöndlun jaðars eða mætingarsvæðis”. (Bl.32)

“Þetta nýja hugsunarmódel þurfa arkitektar að flytja yfir á verkefni sín. Með þessu verða útveggir húss ekki jaðar heldur það mætingarsvæði þar sem tengsl hins ytra og innra ráðast. Mætingarsvæði húss og umhverfis getur sem sagt haft margs konar hlutverk og þarf því oft á tíðum að hafa nokkra þykkt”. (Bl.32)

**Aðferðir tengslamyndunar** “Í síðasta kafla var gefið yfirlit yfir fjögur höfuðviðfangsefni í hönnun, þ.e. sköpun heilda, jafnvægis, samspils, einsleitni og loks meðhöndlun jaðars eða mætingarsvæðis milli rýma”. (Bl.33)

“Nútímavísindamenn geta oft um mikilvægi austrænna hugmynda fyrir hugmyndaþróun sína. Þannig setti t.d. danski eðlisfræðingurinn Niels Bohr T'ai Ch'i táknið í skjaldarmerki sitt þegar hann var aðlaður, – ásamt latnesku setningunni „Contra Sunt Complementa“. (Andstæður eru gagnstýrkjandi þör). (Bl.33)

“Um þennan uppruna aðalhugtakanna í heildrænni hugmyndafræði, er mikilvægt fyrir hönnuði að vitapegar þeir eru að beita hugtökunum við hönnun og skipulag”. (Bl.34)

“Heild sköpuð með hring. Gott dæmi um slíka heild er það hvernig Kvosin og gamla höfnin, – sem eru gagnkvæmt stýrkjandi þar, – verða sterkari sem samverkandi heild eða eining, vegna þess að saman mynda þessi svæði heildarform sem er nálægt því að vera hringur”. (Bl.34)

“II. Dynamískt jafnvægi skapað með sveigðri línu. Hér er best að taka dæmi frá strandlínu borgar. Ef strandlínan er beint verkfræðilegt strik, ríkir statískt (dautt) jafnvægi við sströndina. Sé strandlínan hins vegar lína sem sveigist inn og út teygja borgarsvæði sig fallega út á nes sem teygjast út í hafflötinn...”. (Bl.35)

“III. Sköpun samspils með því að stilla gagnvirkum þörum upp á móti hvoru öðru. Gagnvirk eða gagnstýrkjandi þör eru t.d. haf og land og borg og náttúra...”. (Bl.35)

“IV. Komið á tilfinningalegu jafnvægi við einhæfni svæðis með því að staðsetja kjarna andstæðu innan þess. Hægt er að styrkja það hvernig tvenndarþör kallast á, með að staðsetja kjarna andstæðu innan hvors paranna, t.d. innan húss og innan garðs”. (Bl.36)

“Ef hönnuður er að endurskapa strandlínu með nýjum uppfyllingum, – með það að markmiði að tengja land og haf sem mest saman, - getur hann hagnýtt sér prinsípin hér að framan: I. Leitast við að láta land og haf mynda hringlaga einingu eða heild. II. Auka inngríp lands og hafs í hvort annað með sveigðri línu. III. Velja athafnapör sem falla saman, – t.d. siglingaklúbb við gott siglingarsvæði. IV. Útbúa kjarna lands úti í haffletinum (t.d. sker eða litlar eyjar) og kjarna vatns í landi (t.d. litlar tjarnir eða polla)”. (Bl.36)

**4. Tímabil samfléttunar - Samfléttun mannlífs og náttúru** “Í þessum öðrum hluta bókarinnar verður fjallað um þróun Reykjavíkur er varðar tengsl mannlífs og náttúru”. (Bl.37)

“Saga Reykjavíkur hentar því mjög vel til athugunar á því hvernig borg tekur að myndast í samspili við náttúru... Samspilið skiptist í þrjú mjög skýr tímabil”. (Bl.37)

“Þessi fyrsti kafli (sem er 4. kafli í bókinni), fjallar um upphafstímabilið, þar sem mjög nán samfléttun eða tengsl mannlífsins og náttúrunnar var aðaleinkennið”. (Bls.37)

“Næsti kafli fjallar síðan um hið náttúrufirra tímabil skyndigróða og tæknihyggju...”. (Bls.37)

“Þriðji kafli í þessum miðhluta bókarinnar, fjallar loks um tímabil nýrra tengsla borgar og náttúru”. (Bls.37)

**Erfið sambúð** “Landnámsöldin á Íslandi var því gullöld, - en það átti eftir að breytast svo um munaði. Landsmönnum fjölgaði svo mjög að víða kom að þeim mörkum sem náttúran þolir, þannig að landgæðum tók mjög að hraka”. (Bls.40)

**Ný gullöld á mölinni** “Tökum nú aftur upp þráðinn við upphaf 20. aldar þegar fiskveiðarnar voru að byrja að gera þjóðina ríka á ný. Flutningur fólks úr sveitunum að sjávarsíðunni jókst ár frá ári...”. (Bls.44)

“Heimur Íslendinga var sem sagt orðinn nýtt fyrirbæri, sjávarþorpið, sem þýddi minni samfléttun við náttúruna, en í staðinn hafði það tvo snertifleti við hana; strandlínuna og svo jaðarinn þar sem bær mætir sveit”. (Bls.44)

“Með því að rekja sig í gegnum þessa sögu, sem hingað til hefur verið nær óþekkt, fæst ný sýn til þróunarsögu borgarinnar”. (Bls.45)

“Þrátt fyrir það að Reykjavík yrði borg í upphafi 20. aldar, héldust tengsl hennar við náttúruna lengi vel sterk. Frumorsökin var sú að líf borgarbúa byggðist, langt fram á öldina, mikið á því sem náttúran gefur, bæði til sjávar og sveita”. (Bls.45)

“En hvaða stefnu er þá rétt að taka er varðar samspil borgar og náttúru? Skoðun höfundar þessarar bókar er sú að borgin verði að fá að vera borg og náttúran náttúra, – en þó í hnitmiðuðu samspili hvort við annað”. (Bls.46)

**5. Tímabil firringar - Frumorsök firringar** “Í fyrsta hluta bókarinnar var útskýrt að frumorsök firringar og tengslaleysis í vestrænni menningu væri andstæðuhbyggjan (dúalisminn), sem skiptir tvenndarpörum í andstæður...”. (Bls.47)

“Heildræna heimsmyndin, sem nú er í mótun, skilur vissulega líka tvenndirnar að. En munurinn á afstöðunni til tvenndaparanna er hins vegar sá, að hin heildræna hugsun leggur áherslu á að þörin eiga upphaf sitt í pólariseringu á sama veruleika og því séu báðir þættirnir jafnréttháir...”. (Bls.47)

“Reykjavík, líkt og önnur íslensk sjávarþorp...”. (Bls.47)

“Tímabilið eftir heimsstyrjöldina, og fram til um 1970, er furðutímabil í sögu menningarinnar. Á þessu tímabili missa Reykvíkingar, og Íslendingar reyndar flestir, svo gersamlega fótanna í tæknihyggju og framkvæmdafári það nær öll skynjun á gersemum náttúrunnar og umhverfisins gufaði upp Við urðum t.d. svo gjörsamlega slegin blindu á fegurð gömlu byggðarinnar...”. (Bls.47)

“Strandlengja borgarinnar, sem víða var áður undurfögur, fékk þó meira en nokkuð annað að kenna á því; óhreinsuðu klóakinu var hleypt beint út í fjöruna, hver vík var fyllt af drasli úr húsagrunnum og hvert sker, sjávarlón og hólmi fært í kaf í óþverranum. Mótmælti einhver? Þeir voru fáir...”. (Bls.48)

“Hér er nauðsynlegt að staldra við og athuga hvernig gat staðið á þessari blindu og firringu, og hvort við séum enn að einhverju leyti blinduð á þessi verðmæti eða þá önnur verðmæti sem kynnu að vera í hliðstæðri hættu núna”. (Bl.48)

“...fóru í rúst í stríðinu, en víða sá módernisminn um að koma afganginum fyrir kattarnef og að byggja hryllilega móderníska kassa í staðinn. Merkilegt er þó að módernisminn náði óvígða að eyðileggja miðborgir austantjaldspó óhugnaður úthverfaskipulagsins væri hvergi meiri en þar”. (Bl.48)

“...iðnbyltingin leiddi til uppbrots á grónu samfélagi, þar sem hver einstaklingur hafði reisin og virðingu. Til varð einsleitur massi verkafólks sem hafði misst fyrri handverkstengsl við það sem það var að framleiða og bjó við hræðileg vélræn störf og skelfilegar félagsaðstæður í sótkafi verksmiðjuhverfanna”. (Bl.48)

“...Því var ekki skrítið að ýmsum hugsjónamönnum þætti lítill ávinningur að þessari nýju iðn- og þéttbýlisþróun. Einn þeirra var William Morris. Þegar hann kynntist íslensku fornöldinni taldi hann að hið íslenska samfélag fornaldarinnar, þar sem hver og einn var skapari eigin örlaga, frjálsborinn maður laus við kúgun eignamanna og yfirstéttar, - væri glæsileg samfélagsfyrirmynd”. (Bl.48)

“...Einn vormorgunn í maí 1940 fylltist Reykjavíkurbær skyndilega af herskipum með varning og mikinn fjölda borðalagðra stríðsmanna innanborðs. Herinn gekk á land og byrjaði að leggja öll helstu hús og opin svæði í borginni undir sig. Ekkert sem hét íslenskur vilji eða álit gildi nú lengur í borginni, - fram hafði farið gelding eins og á fola við upphaf æviskeiðs”. (Bl.49)

“Bretarnir, og þó miklu frekar Bandaríkjamennirnir síðar, fluttu geysilegan fjölda bíla og tækja, af allra nýjustu gerð, inn til landsins. Við að setjast við stýrisvöl öflugrar ýtu fann hinn íslenski, kokkáláði karlmaður möguleika á að endurheimta aftur dálítið af virðingu kvenþjóðarinnar, - og þar með sjálfs sín: Sá sem rótaði sem mest og lengst í náttúrunni og umturnaði henni, var mestur og bestur”. (Bl.49)

“Með öllum þessum fínu störfum hjá hernum, minnkar svo líka virðingin fyrir hinum náttúrutengdu atvinnugreinum sem borgarlífið hafði áður snúist um. Konurnar sögðu nú að fiskikarlanir, höfnin og fjaran væru illa þefjandi”. (Bl.50)

**Skilningsleysið á náttúrugildum** “Skipulagsuppdrættir Reykjavíkur gefa oft tækifæri til að fá fram yfirlit um hvaða skilning mótendur borgarinnar hafa haft á náttúrugildum frá einu tímabili til annars. (Bl.51)

“Fyrsti skipulagsuppdrátturinn er frá árinu 1927...”. (Bl.51)

“...fyrirtæki sem mörg höfðu einkabryggjur út í sjó og voru því í skemmtilegu samspili við hafflötinn fyrir utan”. (Bl.51)

“En svo koma stríðsárin og skipulagsuppdrátturinn illræmdi, sem þau fæddu af sér 1948. Með tilkomu hans hefur verið ákveðið að öll norðurströndin verði tekin undir eitt samfellt iðnaðarbelti frá Gróttu inn í Elliðaavog. Ekkert einasta útivistar- eða íbúðarsvæði er sýnt á ströndinni eða í tengslum við hana”. (Bl.51)

“Það er skoðun bókarhöfundar að stórskipahöfn, eins og áætluð er í Eiðsvík, eigi ekkert erindi inn í mitt íbúðarhverfi og það á einhverjum fegursta staðnum við Sundin. Þvert á móti ætti að taka til hendinni og losa fegurstu strandsvæðin undan óþrifalegri starfsemi”. (Bl.53)

“Í endurmati á því hvaða hafnarstarfsemi hentar best á hverjum stað, þarf bæði að meta hvar eru fegurstu strandsvæðin og hvar hægt væri að koma á tengslum íbúðar- og útivistarsvæða við fögur strandsvæði”. (Bl.53)

“Í slíkri langtímaáætlun þarf að líta á skipulag strandar og aðliggjandi hafsvæða sem eitt verkefni, því sú starfsemi á landi sem liggur að sjónum, þarf að hafa starfræna og útlitslega samsvörun við hafflötinn fyrir utan”. (Bl.54)

“En hver er nú meginniðurstaðan úr þessum kafla? Hún hlýtur að vera sú að okkur hefur farið illa úr hendi að skipuleggja samspil borgar, strandar og hafsvæða”. (Bl.54)

“...önnur höfuðniðurstaða er sú að við höfum lengst af ekki haft skilning á náttúrugildum hafs og strandar”. (Bl.54)

“Annað sem var óheppilegt við þessa uppbyggingu á austursvæðum borgarinnar, var að þetta var einmitt versta tímabilið í módernískum arkitektúr blokkahverfa...”. (Bl.54)

**Tengslaleysi leiðir til firringar** “Hér í bókinni hefur því verið lýst hvernig sundurskurðaraðferðin vestræna hefur skorið á tengsl heilda mannlífs og samfélags”. (Bl.55)

“Af þessu mótast umhverfi og líf nútímamannsins; steindauð svefnhverfi, ljót atvinnuhverfi og færibandastórverslanir... Blöndunin og sú lífsfylling sem við upplifum í gömlum hverfum er óhugsandi í borg sem er skipulögð að fyrirmynd vélarinnar”. (Bl.55)

“En þeir sem eru inni í hólfunum, – njóta þeir ekki lífsins? Spyrjið gamla fólkið sem enginn kemur að heimsækja, spyrjið stúlkuna sem stendur við færibaldið í dósaverksmiðjunni frá 9 til 5. Spyrjið krakkann sem er einn heima meðan foreldrarnir eru í vinnunni í öðru hverfi”. (Bl.55)

“Nú myndi kannski einhver segja: Við skiljum þetta með hólfunina og að það sé slæmt ef góð tengsl haldast ekki. En hvers vegna allt þetta tal um mikilvægi tengsla við náttúruna, mikilvægi heilda, jafnvægis og samsvörunar? ... Já, hér er komið að gildum sem miklu erfiðara er að útskýra en starfrænu gildin”. (Bl.56)

“Nautn okkar af tengslum við náttúruna er af nokkuð öðrum toga en sú nautn og andlega fylling sem maðurinn nýtur við að hlusta á, eða horfa á listaverk, - en hvorttveggja eru þarfir sem við höfum...”. (Bl.57)

**6. Tímabil nýrra tengsla - Samtenging mannlífs og umhverfis** “Eins og rakið hefur verið hefst með seinni heimsstyrjöldinni tímabil ótrúlegs skeytingarleysis um náttúru og umhverfi”. (Bl.58)

“Það, sem okkur þykir nú með ólíkindum, er bæði það hversu blint þetta tímabil var á hve fórnarkostnaðurinn í ýmsum náttúruverðmætum var hár”. (Bl.58)

“Árið 1969 kom út tímamótabók um slík ný vinnubrögð í borgarskipulagi. Nefnist hún *Hannað með náttúrunni* (Design with Nature) og er eftir Ian McHarg. Er þetta talið eitt mesta tímamótaverk í sögu borgarskipulags”. (Bl.58)

“Allur heimurinn þekkir nú orðið leiðbeinandi hugtök á borð við „sjálfbær þróun“ og á Íslandi hefur þessari tegund umhverfisskipulags nú verið beitt um nokkurt skeið, einkum við stjórnun fiskveiða”. (Bl.60)

**Tengsl heilbrigðisástands og umhverfis** “Í upphafi iðnbyltinarinnar á 19. öld gerðu læknávisindin merkilega uppgötun: Slæmt og mengað umhverfi leiðir til slæms heilsuástands. Þetta leiddi til þeirra einföldu og rökréttu niðurstöðu, að ef bæta ætti heilbrigðisástandið í hinum hryllilegu iðnaðarborgum, yrði að bæta borgirnar...”. (Bl.61)

“Hér vaknar mikilvæg spurning: Et mengun er ekki til að dreifa í borg, eru þá einhver heilsufarsrök fyrir því að hafa stór græn svæði innan borgarmarkanna? Svárið er já, ekki síst vegna þess að sannast hefur á seinni tímum, að útivist og hreyfing er mjög jákvæð fyrir heilsu fólks, – bæði andlega og líkamlega”. (Bl.62)

“Það var vegna þess sem Reykjavík lét útbúa mjög metnaðarfulla áætlun um umhverfi og útivist 1974. Var hún kölluð Græna byltingin manna á meðal. Helsta verkefnið samkvæmt áætluninni var að ganga frá og fegra grænu svæðin (fegurð er líka heilsuþætandi!), og koma þar upp aðstöðu til útivistar og líkamsræktar”. (Bl.62)

“Eitt vekur sérstaka athygli í áætluninni og það er það, að lítið er fjallað um útivist við strönd, - enda fá opin svæði sem tengjast ströndinni í skipulagi strandsvæða borgarinnar”. (Bl.63)

“Þriðji og síðasti hluti þessarar bókar, – sem kallast Tenging borgar og náttúru, - tekur hinar ýmsu tegundir af tengisvæðum til ítarlegrar athugunar”. (Bl.64)

**Framtíðarsýn um samtengdan heim** “Í fyrsta hluta bókarinnar var rakið hvernig Chin vestræna heimsmynd hefur mótast af andstæðuhyggi sem og þeirri aðferðafræði sundurskurðar...”. (Bl.65)

“Afleiðingarnar eru þær hvað samfélög og borgir okkar varðar, að þeim hefur verið skipt upp í svona vélræn hólf”. (Bl.65)

“Verkefni þessarar bókar er að sýna fram á hversu slæmt þetta er og að reyna að draga upp mynd af því hve æskilegt það væri ef takast mætti að búa til aðferðafræði sem tengdi og blandaði aftur saman því sem nútíminn hefur verið skorið í sundur, með svo slæmum afleiðingum”. (Bl.65)

“Hin heilðræna heimsmynd, sem nú virðist í mótun í heiminum, gefur okkur ýmsar vísbendingar um hvernig við getum tekið heilðrænt á málum á ný”. (Bl.65)

“Til að vilja takast á við vandamál verður við fyrst að ná að skilja hversu alvarlegt vandamálið er. Þetta hefur nýlega gerst á sviði umhverfismála heimsins...”. (Bl.65)

“Að lausnum á þessum vanda er oftast unnið með félagslegum aðgerðum, en minna er um að skoða sé hvort furringin og upp lausnin eigi sér ekki enn dýpri rót, – þ.e. t.d. í einangruðum og dauðum svefnhverfum, einangruðum blokkum og loks í einangruðum íbúðarhólfum...”. (Bl.65)

“Af þessu má ljóst vera, að við verðum að reyna að þróa aðferðafræði í hönnun og skipulagi, sem beinist að því að búa til tengingar í borgum, og að búa aftur til heildir úr því sem nú, um langt skeið,



hefur verið lögð svo mikil áhersla á að skilja að, eins og til að mynda atvinnu- og íbúðarhverfi, vinnu og skemmtun, borg og náttúru”. (Bls.66)

“Nauðsynin á þessu hefur verið útskýrð og þriðja kafla bókarinnar er stutt lýsing á “hönnunarfræðum samtengingar” (Theory of Integration), sem bókarhöfundurinn notaði í doktorsritgerð sinni í Berkeley í Kaliforníu á 9. áratugnum”. (Bls.67)

“Hér erum við því núna, hvað hreinlæti varðar, orðin tilbúin til að hefja átak, sem gæti haft það að markmiði að sem mestur hluti strandsvæða borgarinnar verði tekinn undir útivist og íbúðarsvæði í framtíðinni... Gæti þetta orðið eitt af stærstu og mikilvægustu viðfangsefnum fyrstu áratuga 21. aldarinnar í borgarskipulaginu, – átak sem myndi gera strandlínuna að heillandi svæði”. (Bls.68)

**7. Tengsl borgar og hafs - Þróun tengslanna hingað til** “Þessi kafli um jaðarinn þar sem borgin mætir hafinu en þar gegnir sjálf strandlína borgarinnar stærstu hlutverki”. (Bls.69)

“Í umfjölluninni um jaðrana verður jafnan byrjað á að útskýra eðli jaðrana sem og hvernig sú starfsemi sem tengist þeim hefur þróast. Með þessu verður ljóst hvað það er sem hefur einkennt þá og á hvern hátt það hefur átt þátt í eflingu tengsla borgar og hafs eða, – sem varð býsna algengt um miðbik 20. aldarinnar, - að breytingarnar leiddu til hnignunar tengsla borgarinnar við náttúruna”. (Bls.69)

“Seinni undirkafli hvers þessara kafla fjallar síðan m.a. um þær aðgerðir sem hugsanlegt er að grípa til, til að efla tengsl borgar og náttúru á ný. Þó dæmin séu öll úr Reykjavík geta aðrar borgir haft mikið gagn af að kynna sér hvernig hægt er að beita hönnunarreglum þeim sem lýst var í kaflanum Aðferðir tengslamyndunar (bls. 33). Aðferðir þessar lýsa því á hvern veg er hægt að hanna tengisvæði”. (Bls.69)

“gerði skipulagið frá 1948 ráð fyrir því að öll strandlengjan frá Gróttu og inn í Elliðaárvog, yrði tekin undir fiskvinnslu, iðnað og hafnarstarfsemi”. (Bls.71)

“Lengi vel var þetta iðnaðarbelti það gisið að íbúarnir í hverfunum sem lágu að baki þess, áttu greiðan aðgang að ströndinni. Gallinn var hins vegar sá að eftir því sem byggðin óx, fjölgaði skólpræsistútum í fjörunni og stöðugt meira af hinu stórkostlega náttúrufari og landslagi strandarinnar fór undir sorphauga, tippa og landfyllingar. Skilningsleysið á öllum þeim náttúruverðmætum sem hér var verið að eyðileggja, og öllum þessum sóðaskap, er litt skiljanlegt nú. Upplausnin sem varð með hernáminu í seinni heimsstyrjöldinni nær þó að skýra sumt”. (Bls.71)

“Upp úr 1970 fer byggðin á iðnaðarbeltinu við ströndina að þéttast það mikið að aðgengi að ströndinni tekur að minnka. Verst hafa mál þróast inn við Sundahöfn, þar sem sú stefna var tekin að loka stóru svæði alveg af fyrirmenningi. Meðfram allri Sæbrautinni var síðan reistur gluggalaus múr vöruhúsa, þannig að meira að segja hin sjónrænu tengsl frá götunni og frá borgarhverfunum þarna, út til hinna fögru sunda, hafa verið eyðilögð”. (Bls.71)

“Ákvörðun danska skipulagsins frá 1965 um að Sæbrautin, sem liggur meðfram allri norðurströndinni, ætti að verða hraðbraut, hefur með síaukinni umferð orðið æ meiri hindrun í tengslum borgarinnar við ströndina. Verður þar lítt úr bætt, jafnvel þótt stöku göngubrýr verði reistar. Það sem helst getur orðið til úrbóta er að flytja sem mest af þeirri starfsemi sem ekki tengist höfninni, eins og t.d. bækistöð SVR og olfustöðina...” (Bls.71)

“Á suðurströndinni er brottflutningur flugvallarins stærsta málið, og hugsanlega ætti að nýta svæðið milli Öskjuhlíðar og Fossvogsins, alveg inn að kirkjugarði, fyrir íbúðarbyggð”. (Bl.71)

**Aðgerðir sem tengja borg og haf** “Þá hafa einnig ýmsar nauðsynlegar aðgerðir verið nefndar ef menn vilja gera verulegar breytingar á þessu: 1) Að flytja sem mest af óþrifalegri starfsemi í burtu af strandsvæðunum. 2) Að gera landfyllingar, t.d. norðan Skúlagötu og Sæbrautar, til að skapa nýtt strandsvæði sem lægi beint að sjónum. 3) Að flytja flugvöllinn og að skipuleggja miðsvæðisás sem lægi frá Kvosinni og alveg út að Skerjafirði. 4) Að reisa íbúðarbyggð þar, við suðurströndina, og einnig við rætur Öskjuhlíðar og út að kirkjugarði”. (Bl.72)

“Annað geysimikilvægt atriði er að hafsvæðið utan byggð skyldleika við byggðina á ströndinni. Þannig er t.d. íbúðasvæði við óþrifalega vöruskipahöfn ekki skemmtilegt, en sé hins vegar um smábátahöfn og svæði fyrir sportsiglingar að ræða, getur höfnin og hafsvæðið gert strandbyggðina ennþá meira heillandi”. (Bl.72)

“Með slíku skipulagi nást sem sagt hin töfrandi gagnstyrkingaráhrif, sem láta  $1 + 1 = 3$  koma út úr dæminu í stað  $1 + 1 = 2$  sem er útkoman ef haf og land ná ekki þessum starfræna og útlitslega skyldleika”. (Bl.72)

“... eru þessar allra bestu aðstæður fyrir strandbyggð fyrir hendi, – þ.e. að þar stefnir landið á mót sól, þar er fagurt hafsvæði og útsýni og loks nægur halli á landinu til að sem mest af byggðinni geti notið þessara sjónrænu tengsla”. (Bl.72)

“Glæsilegustu aðstæðurnar fyrir strand arinnar hafi starfrænan byggð eru hins vegar í hvilftinni sem gengur upp af SA-strönd Viðeyjar. Umferðartengingu út í eyjuna má auðveldlega koma á frá Gufunesi yfir hið grunna sund sem þar er. Íbúðarsvæði þetta nyti samsþilsins við náttúruna sérstaklega vel, því það yrði staðsett úti í eyju með ósnortinni og fagurri strönd”. (Bl.72)

**8. Tengsl borgar og aðliggjandi náttúru - Hvernig borgarjaðarinn hefur breyst** “Jaðar borgarinnar inn til landsins er að því leyti ólíkur jaðrinum móti hafinu, að hann færir stöðugt utar eftir því sem að borgin stækkar. Þessi jaðar hefur lengst af gegnt miklu hlutverki í lífi Reykvíkinga því þar hafa t.d. þær landbúnaðargreinar verið stundaðar sem sáu borgarbúum fyrir fæði úr skauti náttúrunnar”. (Bl.75)

“... daglaunamenn og sjómenn settust að. Fastheldni embættismannanna á tún sín eigum við því Arnarhólinn og Landakotstún að þakka”. (Bl.75)

“Þriðji kraginn sem myndaðist er garðræktarkragi... Þegar kreppan skall á um 1930 brugðust bæjaryfirvöld við líkt og í mörgum öðrum löndum, þ.e. með að úthluta miklum fjölda lítilla bletta í útmörkum bæjarins til að fólk sem hafði ekki vinnu, gæti dregið þar fram lífið á garðrækt og smábúskap”. (Bl.75)

“Erlendis voru þessi „framandi“ svæði nefnd kolóníur eða kólóníugarðar. Þau eru víða enn við lýði og eru ýmist notuð til búsetu eða undir sumarbústaði. Þegar herinn kom á stríðsárunum rann upp blómatími þessara svæða því nú var skyndilega orðinn til mikill markaður fyrir afurðir þessara smábýla; kjúklinga, egg, kartöflur og grænmeti”. (Bl.75)

“Í stríðinu fluttist mikill fjöldi sveitafólks í bæinn í uppgripin í vinnunni hjá hernum... Þetta fólk var vant jarðrækt og skepnuhaldi og vildi halda því áfram. Voru því útbúin víðfeðm garðlönd, í útjaðri

bæjarins, sem og sérstakir skólagarðar, því uppeldisáhrif vinnunnar í moldinni voru talin holl. Svæði fjár- og hestakofa risu einnig". (Bls.76)

"... Reykvíkingar munu enn um hríð vilja búa í dreifbýlli borgum en gengur og gerist erlendis". (Bls.76)

"Unga kynslóðin, sem hefur kynnst því safaríka götu- og borgarlífi sem þéttbýlar borgir erlendis geta boðið upp á, er farin að kalla eftir slíku borgarlífi hér. Hún vill því t.d. helst ekki búa í úthverfunum, heldur í gamla bænum, og það er hún sem hefur búið til þá kaffihúsa- og kvöldlífsmenningu sem blómstrað hefur í Reykjavík síðan um 1990. - Á hinn bóginn er ekki víst, að þessi kynslóð vilji nota sumarbústaði jafnmikið og sú eldri, heldur vilji hún meira vera á ferð og flugi, bæði innanlands og utan". (Bls.76) (Skrifað 1999)

"Þó tvöfalda búsetan krefjist nokkurrar nálægðar við borgina, - eða helst ekki meira en 60 km fjarlægðar, til að geta c.d. sótt vinnu og fundi inn til borgarinnar, - munu sumarbústaðasvæði í enn meiri fjarlægð, eða allt að 200 km, einnig dafna ágætlega". (Bls.76)

"Sérstakur kostur við þessi svæði eru tengslin við fólk sem á rætur í íslenskri náttúru og gamalli íslenskri menningu... þessi landsbyggðarsvæði græða á sambýlinu; þjónustustigið eykst og af „nýbúunum“ er ýmislegt að læra. Við höfum því hér, með þessari samblöndun borgarbúa og sveitafólks, gott dæmi um gagnkvæma styrkingu, þannig að báðir græða á sambúðinni". (Bls.77)

"Hvað Reykjavík sjálfa varðar, og þá sérstaklega er tekur til sjálfs útjaðars borgarinnar, - þá hefur þar orðið afturför hvað varðar fjölbreytni og virkni, alveg á sama hátt og gerst hefur með sjávarjaðarinn á seinni hluta 20. aldar". (Bls.77)

"Hnignun útjaðars borgarinnar hefur gerst í mörgum þrepum líkt og gerðist með ströndina. Stærstu skrefin voru þegar fólk var flæmt af garðlöndum sínum á 6ta og 7da áratugnum mót og þola illa ef fólk fer út fyrir það sem reglan boðar. Nokkuð verður þess þó vart, að unga kynslóðin vilji meiri fjölbreytni í búsetuformum, og sé umburðarlyndari gagnvart því fólki sem brýtur sér leið út úr norminu". (Bls.77)

"Miðað við fjölbreytni mannlífs og athafna í borginni sem varði fram yfir 1960, er einhæfnin núna orðin mikil. Engar hænur og endur hlaupa lengur um gaggandi og sauðkindin hefur verið gerð útlæg". (Bls.77)

**Samspil borgar og aðliggjandi náttúru** "Flestar borgir hafa einhvers konar kerfi grænna eða opinna svæða. Á 20. öldinni varð það víða vinsælt að búa til grænar rennur sem liggja frá grænu svæði baklandsins inn í borgina. Stundum líkist baklandið lófa, – eins og t.d. Heiðmörk ofan Reykjavíkur, - og grænu geirarnir síðan fingrum. Er þetta því oft nefnt „fingraplan"". (Bls.78)

"Svona græn kerfi hafa reynst ágætlega og sérstaklega hafa þau komið sér vel þegar menn hafa verið að þróa ný samgöngukerfi á borð við göngu- og hjólastíga, til að reyna að hamla á móti útpenslu bílismans". (Bls.78)

"... hefur þetta kerfi verið tekið upp, þannig að nú er baklandið orðið að löngu grænu beltum sem umlykur allt svæðið líkt og víða er erlendis. Er þetta svæði nefnt Græni trefillinn. Þetta séríslenska heiti er dregið af því, að með treflinum verður til skógræktarbelti sem mun veita borginni skjól, en

einnig mun trjágróðurinn stöðva snjóinn sem nú skefur ofan af heiðunum og safnast svo saman í stórum sköflum í úthverfunum”. (Bls.78)

“Græni trefillinn og skóglendi hans mun geta orðið mjög til að bæta útivistarmöguleika við útjaðar borgarinnar, ekki síst vegna þess skjóls sem hann mun veita. Hugsanlegur ókostur gæti síðan orðið, ef trén ná að verða stór, að hann mun nokkuð loka fyrir þá fögru sýn til heiða og fjalla sem við njótum í dag. Sama er að segja með plöntun trjágróðurs meðfram vegum. Hann mun mjög draga úr vísýninni sem við njótum nú víðast úr bílum okkar”. (Bls.78)

“Þriðja reglan lýsir *Sköpun samspils með að því stilla gagnvirkum þörum upp á móti hvort öðru*. Þetta segir að sé um íbúðarhverfi er að ræða í jaðrinum, þarf aðliggjandi opið svæði að hafa þá aðstöðu og þau einkenni sem fara best við íbúðarhverfið. Ef þetta er þannig, ná gagnvirkniáhrifin að koma fram, þannig að íbúðarsvæðið verður betra vegna opna svæðisins, og opna svæðið fallegra og betra vegna hverfisins, – sem sagt; að með samspilinu verður til auka gildi sem ekki væri annars til staðar”. (Bls.78)

“Loks ber þess að geta að á sjálfum jaðrinum verður að sjá fyrir rými fyrir starfsemi sem getur laðað fólk að jaðrinum og auðveldað því að tengjast þeim athafna- og útivistartækifærum sem þar bjóðast”. (Bls.80)

“Hérna mætti nefna útivistarmiðstöð sem gæfi upplýsingar um svæðið og möguleika þess, upplýsingar um gönguleiðir, skokkbrautir, ratleikjasvæði 0.s.frv. Hérna má aftur vísa til hliðstæðu tengjandi jaðars við strönd, þar sem viss aðstaða á ströndinni, - t.d. bátahöfn, - er nauðsynleg til að borgarbúarnir fái þannig möguleika á að geta notið þeirra möguleika sem hafsvæðið getur boðið upp á”. (Bls.80)

“Hérna má, enn á ný, minna á hversu mikil tækifæri til upplifunar og útivistar tengjast hinum geysistöru og fögru náttúrusvæðum sem liggja að borginni, bæði á sjó og landi... Núverandi skipulag borgarinnar gerir lítið til að þess nýta þessi náttúrusvæði, en í staðinn eru hin sléttu tún innan borgarinnar kölluð útivistarsvæði, þó þau í raun bjóði aðeins upp á mjög lélega möguleika til útivistar”. (Bls.80)

“Vegna þessa leggur þessi bók til að stefnunni í útivistarmálum sé snúið við, þannig að hin stórkostlegu útivistarsvæði sem liggja að borginni verði gerð aðgengilegri, en með því móti verður eftirsjáin eftir túnbleðlum minni. Með því verður frekar hægt að nýta þá til að þetta borgina, þannig að hún verði að raunverulegu þéttbýli í framtíðinni... “. (Bls.80)

**9. Tengslin við frumöfl náttúrunnar - Víðáttur og hulin öfl** “Það sem líklega hefur einkennt íslenska tilveru hvað mest í gegnum aldirnar eru hinar miklu víddir landslagsins, hversu fátt fólk er og hversu dreift það hefur búið. Lönd eins og Pólland og Rússland hafa skyldleika við Ísland að ... grunnur menningar þessara landa eru víðátturarnar”. (Bls.81)

“Íslensk og rússnesk málalag hefur ... fengist við víddirnar í landslaginu og smæð og einmanaleik mannsins í þessum stóru víddum”. (Bls.81)

“... minnir á þann möguleika, að borgin getur lent í skakkaföllum eldgosa, jarðskjálfta og öskufalls, þó svo þetta séu vissulega sjaldgæfir atburðir”. (Bls.81)

“Við getum líkt lífinu í Reykjavík á kyrrum degi við lognið á undan storminum; það liggur leynd spennu háska og átaka í loftinu, spennu sem fylgt hefur Íslendingum allt frá upphafi. Baráttan við óvissuna hefur gert andlitsdrættina fastari og tómari, – en þar blekkir yfirborðið, því undir niðri sefur eldfjallið”. (Bl.81)

“Þessi víða, mannlaus umgerð gerir Reykjavíkursvæðið tilkomumeiri og fallelgri stað en ef borgin væri staðsett í fjölbýlu héraði sem iðaði af lífi og starfi”. (Bl.81)

“Í þessu svarta landi sem minnir á Ragnarök er sólin stærsti gleðigjafinn. Þegar hún brýst fram úr skýjum lifnar þetta dauða og kalda land við. Fólkíð sprettur úr úr húsunum og göturnar fyllast af lífi og kyrrlát gleði og þökk skin af hverju andliti”. (Bl.82)

“Þetta er umgjörð og sviðsmynd mannlífsins á þessum fjarlæga stað í Norður Atlantshafinu og í fáum borgum nútímans finnur maðurinn meira fyrir því hversu mjög líf hans er undir því komið hvernig náttúrunni þóknast að snúa sér eða byltast”. (Bl.83)

“Varnarstaðan gegn veðri er því ekki orðin eins ráðandi, ekki frekar en gagnvart náttúruöflum sem við þekkjum nú miklu betur. Þegar þau byrsta sig grípur okkur að vísu beygur en oftast verða afleiðingarnar frekar pipar í lífið en hitt”. (Bl.83)

**Breytingar á afstöðu til umhverfisins** “Þjóðernisleg rómantík og ný-renaissans koma svo til sögunnar með fyrsta húsameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni, þegar hann ásamt öðrum vinnur að fyrsta skipulagi Reykjavíkur. Þar staðsetur hann t.d. „Háborg íslenskrar menningar“ við stórt torg uppi á Skólavörðuholti”. (Bl.84)

“Þessu háleita tímabili í skipulagi og þjóðfélagsstefnu má segja að ljúki með byggingu Hótel Borgar, og Alþingishátíðinni árið 1930. Við tekur vélrænn og óupphafinn stíll funksjónalismans og verða nú til leiðinleg og vélræn íbúðarhverfi, eins og t.d. í Norðurmýrinni, þar sem hvorki nýtur útsýnis né tengingar við falleg útvistarsvæði...”. (Bl.84)

“Við alla þessa áherslu á útsýnið fór rýmismyndunin í borgarhverfunum úr skorðum, en í Breiðholti I tókst hins vegar ágætlega að sameina þetta tvennt því þar njóta blokkirnar útsýnis, en mynda þó um leið þægilegt hálflokað innirými með U-formi sínu”. (Bl.85)

“... einstaklingskenndin og venjan við víðernið þýðir að menn vilja ekki láta neitt skyggja á útsýnið, og áhuginn á að búa til náíð samfélag með nágrönnum sínum á þægilegum lokuðum svæðum og torgum inni í hverfunum er mjög lítill. - Margt unga fólkíð hefur hins vegar nú orðið áhuga á slíku nánu samfélagi, þó það þýði lítið útsýni og litla garða. Dæmi um svæði í gamla miðbænum, sem er orðið svo iðandi af lífi að það minnir á gamalt suðrænt þorp”. (Bl.86)

“Í ljósi þessara breytinga í óskum unga fólksins, - þar sem óskinn um samfélag og borgarlíf er að koma í stað þess búsetuforms að búa í einangrun á einhverjum hæðarkolli, í úthverfi utan við bæ, - má draga í efa réttmæti þess að byggja meira af slíkum hverfum”. (Bl.86)

“Opin svæði sem hægt væri að byggja á hús eru til út um allt í borginni og ætti að efna til samkeppni um hvernig þetta mætti byggðina og nýta hluta auðu svæðanna undir byggingar”. (Bl.86) (Skrifað 1999)

**10. Tengsl borgarinnar við jarðhitann - Mótandi þættir jarðhita og eldvirkni** “Tvær stærstu plöturnar á norðurslóðum eru Ameríku- og EvróAsíu-plöturnar. Skil þeirra liggja um mitt Atlantshafið og Ísland er eina svæðið þar sem þetta sprungu- og eldfjallabelti liggur um land.- Það að plöturnar eru að fjarlægjast gerir það að verkum að hraunkvikan úr iðrum jarðar kemst upp eftir sprungum sem myndast, og brýst með reglulegu millibili upp á yfirborðið og leiðir þá til eldgosa- og jarðskjálftahrina”. (Bl.87)

“Sprungu- og eldvirknisvæðin eru þau svæði á landinu sem eru bæði hættulegust og dýrmætust. Hættuleg vegna hraunflóðs, öskufalls og jarðskjálfta og dýrmæt vegna heita vatnsins, og einnig kalda vatnsins, því sprungusvæðin eru mjög hentugir tankar fyrir kalt vatn. Auk þessa tengjast ýmis dýrmær jarðefni eldvirknisvæðunum, eins og t.d. vikur, rauðamöl, hraun og brennisteinn. Eldvirknibeltin í heild sinni eru því dýrmæt”. (Bl.87)

“Þá er ávinningurinn í heilsuefningu mjög mikill vegna þess að hér er orkan það ódýr að opnar laugar eru í fullri notkun allan veturinn, jafnvel þó bylur sé og hörkufrost. Loks hvarf kolaskýið yfir bænum og hús og umhverfi, sem voru lituð sóti, eru nú orðin tandurhrein og skínandi”. (Bl.88)

“... umhverfisvæna raforku. Eftir þetta þéttist gufan aftur og verður að heitu vatni. Þessi afgangshiti er síðan fluttur í leiðslu til borgarinnar, til húshitunar og til notkunar í gróðurhúsaræktun og í iðnaði. - Á Nesjavöllum hefur jafnframt orkuvinnslunni myndast aðstaða til útivistar. Vinnubúðirnar eru nú reknar sem hótél, og vegirnir um fjallendi Hengilsins að borholusvæðunum hafa gert landið aðgengilegt til útivistar”. (Bl.89)

“Hugmyndir eru líka uppi um að leiða umframvatn út í umhverfið á völdum stað á Nesjavöllum og að búa þannig til heitan baðstað í faðmi náttúrunnar, líkt og gert hefur verið í Bláa lóninu á Reykjanesi”. (Bl.89)

**Betra borgarlíf með jarðhitnum** “Góð reynsla af gróðurhúsum leiddi til byggingar gróðurhúsa heima í görðum, sem síðan hafa þróast út í að vera sólstofur í tengslum við húsin. Í sól er hægt að sitja þar í suðrænum gróðri og hlýindum á miðjum vetri. Margir hafa síðan bætt heitum potti í sólstofuna”. (Bl.90)

“Um 1975 hófst sú þróun að hita upp gangstéttir, heimkeyrslur og jafnvel götur með afgangsvatni úr hitakerfum. Nú hafa allar gangstéttir og fótgangendasvæði, verið hituð upp í miðbænum, - og eins á Laugaveginum og á Skólavörðustíg. Þar festir því nær aldrei snjó sem virkar þannig, að veturinn virðist mun mildari. Ávinningur í öryggi og hreinlæti miðborgarinnar er einnig geysilegur. Næsta skref þyrfti að verða að hita upp græn svæði, t.d. Austurvöll”. (Bl.90)

“Flestir sem hafa kynnst einföldu laugunum úti á landi, – jafnvel í fjöruborði eða uppi í fjalli, - þekkja hin einstæðu og djúpu tengsl við náttúruna og hið frumræna í sjálfum sér, sem fólk upplifir í slíkum laugum. Slíkar laugar væri gaman að setja upp á nokkrum útivistarsvæðum í borginni. Jafnvel væri hægt að búa til rennu til að hægt væri að fara í sundtúr um svæðið”. (Bl.91)

“Við höfum nú í fjórum köflum fengið ýmis áþreifanleg dæmi um hvernig hægt er að auka tengsl borgarlífsins við frumelementin fjögur; vatn, jörð, loft og svo hitann úr iðrum jarðar. Af þessu sést að hægt er að gera raunhæfa áætlun um að efla þessi tengsl enn og í ljós hefur komið að hér gætu gefist heillandi möguleikar á að gera mannlífið bæði skemmtilegra og tengdara náttúrunni. Ef slíkt átak yrði

gert mundi Reykjavík öðlast algera sérstöðu í heiminum hvað varðar nán tengsl borgar og náttúru”. (Bl.92)

**11. Tengsl hverfa við opin svæði - Hvernig tengslin hafa þróast** “Fyrstu tvö úthverfin; Skuggahverfið, sem lá til austurs með ströndinni, og Hlíðarhúsaðhverfið, sem lá með henni til vesturs, voru í upphafi líka í mjög sterkum tengslum við hafið og hið opna land. Lagning vega á uppfyllingum með ströndinni á öðrum áratug 20. aldar var fyrsta skrefið í aðskurði tengslanna við hafið og var sá þáttur borgarþróunarinnar rakinn í sjöunda kafla bókarinnar”. (Bl.93)

“Tengsl þróunar bæjarins við baklandið og við þann landbúnað sem þar þreifst héldust lengur sterk og þá um leið ýmis önnur tengsl við þann jaðar. Tegundir athafna þar hafa stöðugt breyst og hafa útvistarathafnirnar orðið öflugri, en landbúnaðarstarfsemin nánast lagst af”. (Bl.93)

“Aðskilnaður frumþátta borgarlífs; að sofa, vinna, versla, var einnig hluti af þessari skipulagssýn. Til að gera þennan aðskilnað frumþáttanna sem skýrastan og um leið sem kyrfilegastan voru stórar umferðargötur láttnar skipta borginni í þessi einangruðu hólfi. Í eitt hólfið komu stofnanir, í annað svefnhverfi og grænn blettur í það þriðja. - Þetta hefur haft þær hörmulegu afleiðingar með síaukinni bílaumferð, að fólk kemst víða ekki fótgangandi yfir í næsta hólfi. Þannig er t.d. með Miklatúnið; íbúarnir handan Miklubrautar og Lönguhlíðar hafa nær engan möguleika á að nýta sér þetta stóra útvistarsvæði”. (Bl.94)

“Á nokkrum stöðum í Reykjavík er byggðin í einstaklega fallegum og hindrunarlausum tengslum við aðliggjandi náttúrusvæði. Má þar nefna tengsl byggðarinnar neðan við Laugarásveginn við Laugardalinn, Fossvogshverfis við Fossvogsdalinn og tengsl Breiðholts III við Elliðaárdalinn”. (Bl.95)

“Mikilvirkasta aðferðin til að þurfa ekki að þrengja stórum umferðaræðum í gegnum byggðina eða að leggja þær á mörkum byggðar og útvistarsvæða er að leggja þær fyrir utan byggðina. Dæmi um þetta er Ofanbyggðavegur á kafla, Sundabraut sem minnkar umferð í gegnum Mosfellsbæ og svo Álftanesbraut sem léttir á Hafnarfjarðarvegi og Miklubraut”. (Bl.95)

**Tengsl hverfa og opinna svæða** “Reglurnar um hvernig best er að tengja hverfi og opið svæði eru álíka og þegar hafog landsvæði skulu tengd saman á sem bestan hátt: 1) Hverfið og opna svæðið þurfa saman að mynda nánast hringlaga heild. 2) Jaðarinn milli þeirra á ekki að vera bein aðskiljandi lína heldur lína sem líkt og tannar svæðin saman. 3) Hverfið og opna svæðið þurfa að hafa starfrænan og útlitslegan skyldleika þannig að hverfið verði betra vegna garðsins og garðurinn betri vegna hverfisins. 4) Ef litlir kjarnar garðsvæða eru settir inn í hverfið og litlir húskjarnar út í græna svæðið, eflast tengslin þarna á milli enn frekar”. (Bl.96)

“Ef þessara reglna er gætt verða tengsl garðs og hverfis mun sterkari en ella. Höfuðatriði er síðan að í jaðrinum séu ekki staðsettar einingar á borð við umferðargötur, sem skilja að, heldur þvert á móti athafnir og miðstöðvar sem draga fólknið úr hverfinu til sín og opna því síðan leið út á græna svæðið. - Af starfsemi af þessu tagi má nefna útvistarmiðstöð og veitingastað þaðan sem útsýn býðst út til græna svæðisins og þægilegt er að fara til að njóta útvistar og náttúru”. (Bl.96)

“Til þess að geta komið hinni tengjandi starfsemi fyrir þarf tengijaðarinn að hafa þykkt en ekki vera bara strík eins og oftast er á skipulagsuppráttum. Ef mikilli tengjandi starfsemi er komið fyrir í þessum jaðri, – starfsemi sem bæði grípur inn í opna svæðið og inn í hverfið, - getur hann mjög ýtt undir samvirknina”. (Bl.96)

“Í dag er hið geysilega flæmi Geirsnefsins mjög lítið notað og ekkert íbúðarhverfi nýtur nálægðarinnar við bátahöfnina þar. Til þess að koma á sem virkustum tengslum milli íbúðabyggðar í Ártúnshöfða og þessa mikla útivistarsvæðis þyrfti að byggja göngubrýr yfir árnar og að koma upp aðstöðu og miðstöð fyrir útivist íbúanna úti á nefinu”. (Bl.96)

“Dalir sem mynda kvos með að lokast í endann eru engir til í Reykjavík. Einu landslagssvæðin sem ná þessari lokun á þrjár hliðar eru bugtirnar umhverfis Fossvog og Grafarvog. Á öðrum stað er lagt til að nýta þetta með að loka vogunum og byggja síðan íbúðarhús alveg niður að vatninu allt í kring um þessa voga”. (Bl.98)

“Í þeirri tilfinningu samkenndar sem landslagsformið kvos nær að mynda, sjáum við hve stóran þátt andstæða kvosarinnar; hið úthverfa hæðalandslag í Reykjavík, hefur átt í því að beina sýninni út á við til fjallanna og víðáttunnar. Það skipulagsform að snúa baki í byggðina og stara út í fjarskann hentaði vel hinum aðflutta sveitamanni sem var vanur að skyggjast þögull um af heimahlaði, en unga kynslóðin virðist hins vegar frekar vilja snúa sýninni inn til byggðarinnar og bæjarlífsins líkt og var í Kvosinni í árdaga”. (Bl.98)

**12. Tengsl húss og umhverfis - Tengslaleyssi: Endurspeglun hugsunarmóðels** “Í fyrstu köflum bókarinnar var það útskýrt að eitt af grundvallareinkennum vestrænnar hugsunar væri andstæðuhyggjan (dúalisminn), sem stillti tvenndarpörum á borð við borg og náttúru, og mannum og umhverfi hans, upp sem andstæðum”. (Bl.99)

“Í sögu vestrænnar menningar og umhverfismótunar leiddi þetta til þess að borgir nánast vígbjuggust gegn náttúrunni og flest vestræn einbýlishús einkennast af varnarstöðu gagnvart umhverfinu. Þessi afstaða lýsir sér vel í setningunni vinsælu „My home is my castle”. (Bl.99)

“Hér erum við hins vegar á villigötum firrtrar fagurfræði sem lítur á hverfi og hús sem myndrænan leik, þar sem litlu skiptir að þetta eigi að vera samfélag og heimili fólks”. (Bl.99)

“Arkitektar og skipulagsmenn fá þjálfun í að láta hluti líta vel út á ljósmynd eða í módeli, en allt of oft vantar upp á ábyrgðartilfinningu þeirra við mótun þess samfélags og lífs sem umhverfismótun felur í sér. Kemur þetta vel fram í setningunni frægu að verk sumra þeirra séu „prívat brandarar á kostnað almennings”. (Bl.99)

“Flestar félagskannanir benda til þess að firring einstaklinga frá samfélagi sínu og umhverfi sé undirrót hinna miklu félagslegu vandamála samtímans... þar sem nánast er gert að markmiði að rjúfa tengslin við umhverfið og setja einstaklinga og athafnir í einangruð box”. (Bl.99)

“Aðferðafræðinni er snúið á móti þeim ævaforna galla í vestrænni hugsun að líta á tvenndarpör á borð við borg og náttúru sem andstæður sem ekki hafi gagn af að tengjast nánnum böndum”. (Bl.100)

“Norður- og suðurskaut í segulvirkni eru búin til á hliðstæðan hátt. Ef við lítum þessu næst á tvenndarparið hús og garð, þá sjáum við að með byggingu húss er verið að pólarisera, þ.e.; til verður spennan á milli lokaðs rýmis og opins rýmis. Líkt og er með póla í rafmagni og tvö segulskaut, þá kemur virknin á milli þessara para ekki fram nema nógu mikil nánd sé á milli þeirra”. (Bl.101)



“Lögmálið sem hér er að verki er alheimslögmálið entrópía, sem segir að það sé grundvallareinkenni í eðli heimsins að allt sem hefur verið pólarísrað hafi sterka tilhneigingu til að dragast aftur af miklum krafti hvert að öðru og skapi þannig spennusvið á milli sín”. (Bl.101)

**Sköpun tengsla húss og umhverfis** “Til að ná fram því orkuástandi milli húss og umhverfis, sem lýst var í síðasta kafla, þarf að koma á nánnum tengslum milli hússins og garðsins”. (Bl.102)

"Hagnýting á spennunni milli tveggja rafpóla byggist á því að búið er til tæki þar sem spennunni er breytt, t.d. í hita eða ljós. Jaðarinn milli húss og garðs býður upp á að hann verði álíka „tæki“ til að ná fram óvæntum og sérstæðum áhrifum milli pólanna „úti“ og „inni“. Líkt og með rafmagnstækinn verða áhrifin mismunandi, eftir því hvernig millisvæðið er hannað. Sólskáli bætir t.d. hlýju og sólargeislum inn í dæmið, á meðan yfirbyggð verönd gerir það gagnstæða; myndar skugga og opnar svæðið fyrir svala, – sem hentar vel í heitum löndum”. (Bl.102)

“Af þessari stuttu lýsingu sést hve nútímaarkitektúr, – sem hugsar ekki um samspilið við ytra rýmið, - heldur endar á steinvegg, – er fátæklegur...”. (Bl.102)

“Húsið er orðið að samastað í tilverunni, en er ekki aðeins geymsluhólf þar sem fólk kemst ekki út, né er gefið tækifæri á að sýsla eitthvað þarflegt og að hreyfa sig um leið. Við sjáum því í þessu hönnunardæmi brydda á möguleikum á nýjum og heilbrigðari lífsstíl, lífsstíl sem felst í að fylla líf sitt af athöfn og innihaldi í stað þess að liggja magnvana í sjónvarpstól og verða sjúkdómum hreyfingarleysis og inniveru að bráð”. (Bl.102)

“Virkin er lykilatriði, því með henni öðlast maðurinn reisn og hann fer að taka ábyrgð á sífellt fleiri þáttum tilveru sinnar; heilsu, matvælaöflun, endurnýtingu, uppeldi barna, viðhaldi eigna og athöfnum sem ná að tengja fjölskylduna saman”. (Bl.102)

“Lítum nú loks á hvernig hægt er að auka tilfinningaleg tengsl við náttúruna inni í borgum. Hér hentar vel að líta til Austurlanda því þar hefur fólk þurft að skapa sér tengsl við náttúruna í miklu þéttbýli. - Atrium- eða innigarðurinn er hér kjarni málsins”. (Bl.103)

“Athyglisvert er að sálfræðin útskýrir þessa garða þannig í dag að borgarbúinn hafi enn þörf fyrir náttúruna sem mannkynið hefur alist upp við og mótast af á árpúsunda vegferð sinni, og að það dugi honum að hafa vasaútgáfu af náttúrunni í nánasta umhverfi sínu\_Vitneskjan um sálfræðilegt mikilvægi þessa hefur síðan leitt til þess að í hönnun geimstöðva er gert ráð fyrir svona miniatúrgörðum”. (Bl.104)

“Í hinni víðáttumiklu Reykjavík er ekki mikil þörf fyrir svona smágarða, nema þá helst inni í elliheimilum og dvalarstofnunum þar sem fólk á ekki mikinn kost á að komast út”. (Bl.104)

“Atriumgarðurinn sem opnast eins og U út í stærri garð, er hins vegar nokkuð algengur í Reykjavík. Með honum teygist garðsvæðið inn í húsið og um leið myndast þar skemmtilegur skjólkrókur. Og með glerhliðum álmanna umhverfis garðinn, tengist húsið garðinum náíð”. (Bl.104)